



FRÉTTABLAÐIÐ

1. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGUR 4. JANÚAR 2022



Íbúar í Vesturbænum geta falið Knattspyrnufélagi Vesturbæjar að sækja jólatré heim að dyrum og fara með í förgun gegn þóknun. Um er að ræða fjáröflun fyrir meistaraflokk. Viðtökur hafa verið góðar að sögn forráðamanna félagsins. Verður aftur boðið upp á þjónustuna næsta laugardag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Stefnir í kapphlaup um síðasta ódýra rafbílinn

Búið er við að síðasti rafmagnsbíllinn með skattaívilnun stjórnvalda seljist um mitt ár en kvótinn nemur 15 þúsund bílum. Þá mun rafmagnsbíll hækka um allt að 1,5 milljónir sem formaður FÍB segir að leiði af sér kapphlaup innflytjenda og neytenda. Hann kallar eftir fyrirsjáanleika frá stjórnvöldum.

benediktboas@frettabladid.is

FARARTÆKI Rafmagnsbílar njóta skattaívilnunar en þær eru háðar fjöldakvóta sem er 15 þúsund bílar. Um áramót voru rúmlega 11 þúsund rafmagnsbílar seldir og gerir Félag íslenskra bifreiðaeigenda

(FÍB) ráð fyrir að kvótinn klárist um mitt ár.

100 prósent hreinir rafbílar fá ívilnun í formi lækkaðs virðisaukaskatts sem getur numið allt að 1,5 milljónum króna. Þegar kvótinn klárast hækkar verðið á bílunum um þessa 1,5 milljónir.

Vegna tregðu í framleiðslu rafmagnsbíla, eins og víða annars staðar vegna faraldursins, gæti það gerst að íslenskir neytendur panti sér bíl á sumarmánuðum en vegna seinkunar verði kvótinn orðinn fullur og bíllinn sem var pantaður kosti 1,5 milljónum meira.

Runólfur Ólafsson, formaður FÍB, segir að íslenskir neytendur þurfi meiri fyrirsjáanleika og list illa á ef markaðurinn fer af stað í eitthvert



Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB

höfrungahlaup til að fylla kvótann. „Fyrir hinn almenna neytanda er eins og það sé svartur föstudagur í augnablikinu, það gengur ekki.“

Rafbílar voru 27,8 prósent seldra bíla á síðasta ári samkvæmt Bilgreinasambandinu en niðurfelling virðisaukaskatts á rafmagnsbílum árið 2020 nam alls 2,9 milljörðum.

Í bréfi sambandsins til efnahags-

og viðskiptanefndar vegna skattahækkana frá 23. desember kemur fram að á meðan úrval rafbíla sé eins lítið og raun beri vitni, og sérstaklega bíla sem eru með drægi yfir 400 kílómetra, á sama tíma og innviðir eru enn mjög veikir, sé augljóst að viðhalda þurfi ívilnunum á bæði tengiltvinnbílum og hreinum rafbílum í nokkur ár í viðbót á meðan rafbílatæknin þróast og innviðir styrkjast.

Runólfur tekur undir þessi skrif og segir að markaðurinn einblíni á rafmagnsbíla. Þá bendir hann á að samkvæmt spá verði búið að jafna út samkeppni milli sprengihreyfils og rafmagnsbíls árið 2025. „Markaðurinn er að taka þetta stóra stökk. Þróunin er mikil og hröð því

allir eru á þessari siglingu. Ég hef engar áhyggjur af því að ríkið muni leggja eitthvað á þessa bíla en það er æskilegt að það gerist með meiri fyrirsjáanleika.

Við þurfum ekkert að finna upp hjólið. Við fengum ráðgjöf hjá Norðmönnum þegar þetta var sett á laggirnar og það er allt í lagi að fá fleiri ráð hjá þeim,“ segir Runólfur.

Í norska fjárlagafrumvarpinu 2022 eru lagðar til fjölþættar breytingar til að ljúka orkuskiptum og auka tekjur ríkisins af ökutækjum á ný. Þar er meðal annars lagt til að öllum stuðningi við tengiltvinnbíl, sem felst meðal annars í lægri bifreiðagjöldum, verði hætt og stefnt að því að allir nýskráðir bílar verði rafmagnsbílar árið 2025. ■

Mitsubishi Eclipse Cross PHEV

Nýja ljósið í skammdeginu

Tryggðu þér nýjan tengiltvinnbíl á frábæru verði, frá aðeins 5.970.000 kr. til afhendingar strax. Komdu í heimsókn og prufukeyrðu Eclipse Cross.

HEKLA · Sími 590 5000 · Laugavegur 170 · hekla.is/mitsubishisalur





Staðan í leik- og grunnskólum er misjöfn í dag vegna Covid-bylgjunnar.

Ósáttur við að skólastarf fari af stað í dag

bth@frettabladid.is

COVID-19 Jón Viðar Matthíasson, hjá almannavörnum, segir að eftir tvo fundi með fræðslustjórum á höfuðborgarsvæðinu í gær liggi fyrir að staðan í einstökum skólum sé mjög mismunandi. Í sumum leik- og grunnskólum verði óskert starfsemi í dag. Í öðrum séu heilu einingarnar lokaðar vegna Covid.



Skólastjórnendur eru mjög þreyttir á erfiðri smitakningu.



Jón Viðar Matthíasson, hjá almannavörnum

Margir foreldrar fylgdust spenntir með því í gær hvort börn yrðu boðuð í skólann í dag. Sumir foreldrar fengu ekki upplýsingar fyrir en síðdegis. Almennt eru skólar opnir fyrir alla aldurshópa en Jón Viðar segir von á miklum skerðingum næstu daga vegna faraldursins.

„Maður þakkar þó fyrir starfsdaginn, það var gríðarlega mikilvægt fyrir kennara að skipuleggja sig til að lágmarka þær skerðingar sem eru því miður í kortunum,“ segir Jón Viðar.

Hann er mjög ósáttur við að ekki hafi verið farið að álití sóttvarnalæknis um að hafa skólana lokaða næstu daga. Skólayfirvöld og kennarar hafi unnið afrek með því að halda kerfinu gangandi. Nú muni reyna meira á skólana en nokkru sinni, enda smittölur í hæstu hæðum.

„Skólastjórnendur eru mjög þreyttir á eilífri smitakningu, það er ekki auðvelt að vísa heim heilu bekkjunum.“ ■

Í janúarkuldanum formbreytast fyrirbæri



Kalt hefur verið á höfuðborgarsvæðinu undanfarinn sólarhring og drykkjarbrunnur Seltirninga var gaddfreðinn þegar þýrst útivistarfolk bar að garði. Keilir var fallegur í kvöldsólinni á nesinu og venju fremur friðsæll. Engir snarpir jarðskjálftar hafa skekið landsmenn síðustu daga.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fer aftur í mál út af langri sóttkví

adalheidur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Mál fjölskylduföður sem sætt hefur sóttkví frá 11. desember verður tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjaness í dag. Hann hefur þegar látið reyna á rétt sinn en fór aftur af stað eftir að sóttvarnalæknir tók ákvörðun á gamlársdag um sóttkví til 13. janúar.

„Hann telur að hið skyldubundna mat við töku stjórnvaldsákvörðunar, hafi hreinlega aldrei farið fram,“ segir Gunnar Ingi Jóhannsson, lögmaður mannsins. Reyna þurfi á hvort lögmætt sé að allir séu undir sömu sök seldir óháð aðstæðum.

Maðurinn er þrífólusettur og hefur farið ítrekað í PCR-próf. Hann hefur verið á heimili með og í návígi við smitaða fjölskyldumeðlimi án þess að smitast sjálfur. ■

Íslenskir karlmenn missa sveindóminn fyrir en aðrir

Karlar á Íslandi byrja að stunda kynlíf meira en tveimur árum fyrir en karlar í Bandaríkjunum og Bretlandi og sjö árum fyrir en indverskir. Þeir eiga marga rekkjunaufa yfir ævina og giftast seint.

kristinnhaukur@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Samkvæmt nýrri samantekt heilbrigðistímaritsins Manual: Men's Health byrja íslenskir karlmenn ungir að stunda kynlíf, eiga marga rekkjunaufa yfir ævina og giftast seint. Þeir fá gott feðraorlof og lifa lengi en fara seinna á eftirlaun. Samantektin var gerð í 35 löndum víðs vegar um heim og voru meðal annars notuð gögn frá Evrópusambandinu, OECD, þýska tölfræðifyrirtækinu Statista og breska smokkaframleiðandanum Durex til samanburðarins.

Meðal þess sem kemur fram er að íslenskir karlmenn missa að meðaltali sveindóminn 15,6 ára gamlir, í flestum tilvikum í 10. bekk grunnskóla. Þetta er lægsti aldurinn og nærri tveimur árum undir heimsmeðaltalinu, sem er 17,3 ár. Á hinum Norðurlöndunum missa piltar sveindóminn að meðaltali á 17. aldursári en 18 ára í Bretlandi og Bandaríkjunum. Elstir eru sveinar í Indlandi og Malasíu, en þar stunda þeir kynlíf í fyrsta sinn 23 ára.

„Við höfum engar vísindalegar skýringar á þessu,“ segir Sóley S. Bender, forstöðumaður fræðasviðs um kynheilbrigði við Háskóla Íslands, aðspurð hvers vegna Íslendingar stundi kynlíf svo snemma. „En við getum velt því fyrir okkur hvort það sé eitthvað í samfélagsgerðinni sem hafi áhrif. Er unga fólkið okkar frjalsara og minna fylgst með því?“ spyr hún.

Sóley segir þetta hafa afleiðingar þar sem því að byrja að stunda kynlíf



Vísindaleg skýring á þessari hegðun Íslendinga er ekki til.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Við höfum engar vísindalegar skýringar á þessu.



Sóley S. Bender, forstöðumaður fræðasviðs um kynheilbrigði við HÍ

á grunnskólaaldri fylgi miklu meiri áhættuhegðun. „Unglingar hafa ekki jafn mikinn þroska til þess meðal annars að setja sér og öðrum mörk í kynlífi og geta átt í erfiðleikum með að nota smokkinn. Eftir því sem þú verður eldri verður sjálfsmyndin sterkari og sjálfsöryggð líka.“

Í samantektinni kemur fram að meðalþólfélagafjöldi íslenskra karlmanna sé 13, sem er með því mesta í

heiminum. Aðeins Tyrkír, Ástralal og Nýsjálendingar hafi fleiri og heimsmeðaltalið er 9,3. Aftur eru það Indverjar sem eru á hinum enda skalans með þrjá þólfélagi yfir ævina.

Íslenskir karlmenn giftast 34,5 ára gamlir, sem er rúmlega tveimur árum yfir heimsmeðaltalinu en ekki meðal þess allra hæsta. Ástralskir karlar giftast 39 ára en indverskir 26. Ísland er þó til dæmis fimm árum yfir Bandaríkjunum.

Sóley segir þetta snúast um samfélagsgerðina. „Í Bandaríkjunum er gríðarlegur þrýstingur á að ganga í hjónaband. En við búum ekki í slíku samfélagi. Hér hefur fólk frelsi til að vera í sambúð svo lengi sem það vill,“ segir hún.

Þá er hér næstlengsta feðraorlofið, eða 365 dagar, með Japönun en lengst er það í Svíþjóð. Aðeins tíu af löndunum 35 hafa feðraorlof.

Íslenskir karlmenn fá þó stutt eftirlaun. Aldurinn miðast við 67 ár, sem er það hæsta í heimi ásamt Ítalíu og Grikklandi. En meðalævinlengdin er 81 ár og fá til dæmis sænskir og norskir karlmenn rúmlega fimm árum lengri eftirlaunatíma. ■

Flutningur lækningastofu

Ólöf H. Bjarnadóttir taugalæknir flytur starfsemi sína í Lækningu, Lág múla 5, 108 Reykjavík frá áramótum 2022.

Bókanir sem gerðar hafa verið flytjast þangað og nýjar endurkomur er hægt að bóka í síma 590-9200 alla virka daga kl. 9-16.

Tekið er við tilvísunum frá heilbrigðisstarfsfólki eins og áður.



ODDAFLUG TOYOTA 2022

Á FLJÚGANDI FERÐ INN Í NÝTT ÁR

Köstum kveðju á gamla árið um leið og við tökumst á loft, því framundan er tímamótaár hjá Toyota. bZ4X rafmagnsbíllinn markar upphafið að stórsókn Toyota á rafbílamarkað og vörulínan stækkar og eflist enn frekar með hverjum bílnum á fætur öðrum. Komdu með okkur á fljúgandi ferð inn í 2022.



bZ4X rafmagnsbíllinn er væntanlegur 2022.

Nýr Hybrid = 100% afsláttur
af lántökugjöldum.
Sjá nánar á toyota.is



Toyota Kaupþúni
Kaupþúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bílarnir í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.



Yfir 31 þúsund Covid-smit hafa verið staðfest hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Tæp níu hundruð þúsund sýni verið tekin hér á landi

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Í gær lágu 25 sjúklingar á sjúkrahúsi með Covid-19, sjö voru á gjörgæslu. Sólarhringinn á undan greindust 879 með Covid-19. Tæplega 6.300 einstaklingar voru í sóttkví og 7.937 voru í einangrun með virkt smit.

Frá því að fyrsta tilfelli Covid-19 greindist hér á landi hafa verið staðfest yfir 31 þúsund smit. Um 857 þúsund sýni hafa verið tekin og rúmlega 85 þúsund einstaklingar hafa lokið sóttkví. Innlagnir á sjúkrahús eru rúmlega 600 talsins síðan í lok febrúar 2020, þar afer 101 innlögn á gjörgæslu. 37 hafa látið lífið vegna sjúkdómsins. ■



Sjúkrabílar SHS fóru yfir 42 þúsund ferðir á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Yfir fimm þúsund Covid-flutningar

birnadrofn@frettabladid.is

SLÖKKVISTARF Árið 2021 fór Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins í 1.342 útköll á slökkviliðsbíl og 42.005 ferðir á sjúkrabíl. Þetta kemur fram á Facebook-síðu slökkviliðsins. Covid-flutningar hjá slökkviliðinu á síðasta ári voru 5.343 talsins.

Mikið var að gera hjá slökkviliðinu á gamlárskvöld, þá voru 65 útköll á slökkvibíl og átján á nýársdag. ■

Klukkustund að breyta hóteli í farsóttarhús

helenaros@frettabladid.is

COVID-19 Í dag eru fimm farsóttarhús í notkun fyrir Covid-19 smitaða einstaklinga og í gær voru 100 ný herbergi til viðbótar tekin í notkun. Gylfi Þór Þorsteinsson, forstöðumaður farsóttarhúsa Rauða krossins, segir að verið sé að manna tvö önnur hótél núna í vikunni og þá verði um 650 pláss fyrir gesti. „Það veitir ekki af, smittölur

eru háar og við vitum það líka af reynslu frá því í fyrra að núna í byrjun janúar er mikið af erlendum verkamönnum að koma til landsins eftir jólafrí. Því miður hafa þeir svölitið verið að koma sýktir til baka frá heimalandinu. Þannig að við þurfum að vera viðbúin því, þetta er oft fólk sem býr á óviðunandi stöðum,“ segir Gylfi Þór.

Að sögn Gylfa Þórs tekur það starfsfólk farsóttarhúsanna um



Gylfi Þór Þorsteinsson, forstöðumaður farsóttarhúsa Rauða krossins

klukkustund að setja upp allar sóttvarnir og gera hótelin klár til að taka á móti gestum. „Við erum orðin nokkuð vön.“

Meðal þess sem þurfi að gera sé að tryggja hrein svæði í húsunum fyrir þá 35 starfsmenn sem sinna þeim. „Sem betur fer höfum við sloppið við smit, við starfshópurinn, í þessi tvö ár,“ segir Gylfi og bætir við að aðeins eitt smit hafi greinst í starfsmannahópnum frá upphafi. ■

Danir óttast að þurfa að skila íslensku handritunum vegna nýrra viðhorfa

Stjórnarmenn í Árnasafni í Kaupmannahöfn telja að ný viðhorf til skila á menningarverðmætum til upprunalda leiði til þrýstings á að Danir skili íslenskum handritum sem enn eru geymd þar til Íslands. Safnið synjaði Norðmönnum um lán á nokkrum handritum.

gar@frettabladid.is

MENNING Fimm íslensk handrit úr safni Árna Magnússonar verða lánuð frá Danmörku til Noregs en sjö önnur handrit sem óskað var eftir verða hins vegar áfram í Danmörku.

„Norðmenn hafa eðlilega áhuga á þessum skjölum og eru held ég fullfærir um varðveita þau svo sómi sé að,“ segir Gísli Sigurðsson, próffessor hjá Árnastofnun í Reykjavík þar sem stór hluti handritasafns Árna Magnússonar er geymdur.

Þjóðarþókhlaðan norska það um samtals ellefu handrit og skjöl sem tengjast beint sögu Norðmanna. Konungsbókhlaðan í Kaupmannahöfn sagði já fyrir sitt leyti en stjórn Árnasafns í Danmörku synjaði hins vegar böninni. Aslak Myhre, forstjóri norska safnsins, lýsti miklum vonbrigðum með ákvörðunina.

„Það er að hluta til vegna handritanna sjálfra,“ hefur Danmarks Radio eftir Anne Mette Hansen, forverði hjá Árnasafni í Kaupmannahöfn. Segir Anna að ef handritin séu til sýnis í meira en þrjá mánuði byrji þau að láta á sjá. Að hluta til sé beiðnin síðan synjað með tilliti til rannsóknna í Kaupmannahafnarháskóla.

Ef marka má frétt Danmarks Radio má hins vegar rekja ástæðu synjunarinnar til fleiri þátta. Og



Konungsbók Eddukvæða og Flateyjarbók voru meðal gersema sem skiluðu sér til Íslands árið 1971. MYND/BRAGI GUÐMUNDSSON

það viðurkennir Anne aðspurð í þættinum Kulturen á DR sem hafði fengið í hendur gögn frá stjórn Árnasafns sem ræddi beiðni Norðmanna.

Vitnar Kulturen til stjórnarmanna sem segja málið varða mikilvæg grundvallaratriði og myndu þau geta skapað fordæmi. Að verða við beiðnin gæti til dæmis leitt til þess að Íslendingar geri kröfu um handrit.

Þá er einnig bent á í umfjöllun stjórnarinnar að svokölluð „repatri-

ering“ – sem sé að senda menningarmínjar aftur til upprunalands – sé orðið áherslumál í löndum á borð við England og Frakkland. „Og það getur einnig hitt okkur fyrir,“ benda stjórnarmenn á.

Sem mennta- og menningarmálaráðherra óskaði Lilja Alfreðsdóttir eftir því við Dani á árinu 2019 að teknar yrðu upp viðræður um að koma fleiri handritum til varðveislu á Íslandi. Sérstök nefnd þjóðanna tveggja var skipuð til að ræða þau mál.



Það væri miklu meiri árangur fyrir okkur að það væri öflugt rannsóknarsetur í Kaupmannahöfn heldur en að öll handritin kæmu til Íslands.



Gísli Sigurðsson, próffessor hjá Árnastofnun

„Mér finnst fint að handritin séu þar sem mestur áhugi er á þeim, eins og að íslensku handritin séu hér og að Norðmenn séu með sín norsku handrit. Ég sé ekki af hverju fólk er stressað yfir því en það er þessi venjulega tregða safna, að vilja ekki senda neitt frá sér. Söfn láta aldrei neitt af hendi nema það sé einhver pólitísk þumalskrúfa á þeim með það,“ segir Gísli Sigurðsson.

Aðalatriðið segir Gísli þó vera að handritin séu fjársjóður og þeim þurfi að sinna af fullum sóma. „Það væri miklu meiri árangur fyrir okkur að það væri öflugt rannsóknarsetur í Kaupmannahöfn heldur en að öll handritin kæmu til Íslands,“ svarar hann aðspurður hvort hann telji að fyrrnefnt viðhorf um að skila beri menningarverðmætum til upprunalda muni leiða til þess að fleiri handrit skili sér til Íslands. ■

ALVÖRU BREYTTIR RAFBÍLAR

JEEP WRANGLER RUBICON PLUG-IN HYBRID

5 ÁRA ÁBYRGÐ

8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAHLOÐU

PLUG-IN HYBRID

35" BREYTING

40" BREYTING

KOMDU OG REYNSLUAKTU 40" BREYTTUM PRUFUAKSTURSBÍL

ISBAND

UMBODSADILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep

4xe

ÓDÝRASTA RAFMAGNIÐ

FYRIR HEIMILIÐ



Skiptu núna. Það borgar sig strax.

N1 selur nú ódýrasta rafmagnið til heimila á Íslandi.* Það er ekkert mál að skipta og spara sem nemur allt að heilu mánuðunum á hverju ári. Kláraðu málið á n1rafmagn.is og byrjaðu strax að spara!

440 1000 n1.is



*Heimild: Aurbjörg.is

Umboðsmaður barna telur heppilegra að börn verði bólusett hjá heilsugæslu

elinhirst@frettabladid.is

COVID-19 „Mitt embætti hefur ekki forsendur til að meta hvort það eigi að bólusetja börn eða ekki, það gera önnur stjórnvöld, en við höfum haft skoðanir á því hvernig þær eru framkvæmdar,“ sagði Salvör Nordal, umboðsmaður barna, á Fréttavaktinni á Hringbraut í gærkvöldi. Eins og fram hefur komið ráðgera sóttvarnaryfirvöld að bólusetja börn fædd 2010 til 2015 í grunnskólum í byrjun mánaðarins en endanleg ákvörðun um fyrirkomulag eftir samráð sóttvarnalæknis, heilsugæslu og skólayfirvalda á landsvísi liggur ekki fyrir.

„Við höfum fengið mikil viðbrögð við þeim áætlunum að bólusetja börn í skólum. Við höfum verið í samtali við sóttvarnaryfirvöld um þetta þar sem við höfum fengið afar skýr viðbrögð frá foreldrum þar sem komið hafa fram miklar efasemdir um að þetta fari fram innan veggja



Salvör Nordal, umboðsmaður barna

skólanna. Þannig að það er okkar mat að það fari betur á því að gera þetta innan heilsugæslunnar. Það skapi meiri sátt og væri eðlilegri vettvangur fyrir þennan aldurshóp,“ segir Salvör.

„Þetta eru viðkvæmar persónuupplýsingar og ef bólusetningarnar fara fram í skólunum þá munu önnur börn, foreldrar og starfsmenn skólanna fá vitneskju um það hvort börn þiggi bólusetningu eða ekki. Það er því okkar mat að það yrði miklu meiri sátt með því að gera þetta innan heilsugæslunnar,“ segir umboðsmaður barna. ■



Í Korpuskóla eru nemendur úr Fossvogsskóla, þar sem mikil vandamál hafa verið vegna myglu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Mygla á þremur stöðum í Korpuskóla

birnadrofn@frettabladid.is

SKÓLAMÁL Raki mældist á þremur stöðum í Korpuskóla milli jóla og nýárs. Starfsmaður frá verkfræðistofunni Eflu tók sýni og mældi raka í skólanum eftir að ábendingar bárust skólastjórnendum fyrir jól um að tilefni væri til að kanna nánar gæði innivistar í Korpuskóla.

Í Korpuskóla eru nemendur úr Fossvogsskóla, þar sem mikil vandamál hafa verið vegna myglu.

Raki mældist fyrir framan útihurð í heimilisfræðistofu, á litlu salerni fyrir framan stofuna og við neyðarútgangsútihurð við íþróttasal.

„Tekin voru sýni til ræktunar á þessum stöðum. Við óskuðum eftir

flýtimeðferð og ættum að fá niðurstöður um miðjan mánuðinn,“ segir í bréfi frá skólastjórnendum til foreldra.

„Í samráði við sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs höfum við ákveðið að taka enga áhættu og loka þessum stofum þrátt fyrir að niðurstöður úr sýnatökum liggja ekki enn fyrir,“ segir í bréfinu. „Ljóst er að óháð niðurstöðunum verður að ráðast í viðgerðir til að fyrirbyggja rakamyndun og framkvæmda-áætlun er í vinnslu.“

Þá eru foreldrar upplýstir um að til skoðunar sé hvernig háttað verði þeirri kennslu sem alla jafna er sinnt í þeim stofum loka þarf vegna þess raka sem þar hefur fundist. ■



Veðurspáin gerir ráð fyrir að það stytti smám saman upp og kólni þegar líður á daginn. MYND/BJÖRGUNARSVEITIN ÁRSÓL

Björgunarsveitir skutluðu starfsmönnum til vinnu

Mikið fannfergi er á Austurlandi og komu björgunarsveitir í Fjarðabyggð fólki til og frá vinnu í gær. Íbúðagötur voru víða ill- eða jafnvel ófærar og var fólki beðið um að halda sig heima. Þá verður áramótaruslið sótt þegar búið verður að moka göturnar.

benediktboas@frettabladid.is

REYÐARFJÖRÐUR Björgunarsveitir á Reyðarfirði og Eskifirði voru fengnar til að ferja fólki til og frá vinnu í gær vegna ófærðar enda hefur snjóað mikið austanlands. Víða voru íbúðagötur í byggðakjörnum Fjarðabyggðar orðnar ill- eða ófærar og voru íbúar beðnir um að vera ekki á ferðinni að óþörfu um götur sveitarfélagsins enda tefja fastir bílar fyrir mokstri. Íbúar þurftu þannig að bíða með áramótaruslið því sorphirða féll niður vegna fannfergis en minnt var á að hreinsa frá tunnum og gera greiðfært fyrir sorphirðufólki.

Hjalti Þórarinn Ásmundsson, hjá björgunarsveitinni Ársól á Reyðarfirði, segir að sem betur fer hafi íbúar og gestir ekkert verið á ferðinni og hlýtt því að vera bara heima – ólíkt þeim sem lögðu á lokaða Öxnadalshéiði skömmu eftir áramót og hrópuðu svo á hjálp þegar allt var komið í óefni.

„Það var ekkert í gangi á Fjarðarheiðinni. Það hafa allir íbúar sinnt fyrirmælum og haldið sig heima,



Þó að snjórinn sé ekki endilega sá mesti sem heimamenn hafa séð safnast hann saman og gerir vegi ófæra. Hér er einn í vandræðum.



Við höfum verið alveg lausir við að þurfa að elta einhverja upp Fagradalinn.

Hjalti Þórarinn Ásmundsson, björgunarsveitinni Ársól

sem betur fer. Við höfum verið alveg lausir við að þurfa að elta einhverja upp Fagradalinn og það er ljóst að það var hlustað á viðvaranir,“ segir Hjalti.

Hann segir að vegna færðar hafi

Ársól sinnt vaktaskiptum í Álveri Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði. Fyrst farið með heimamenn til vinnu og skutlað þeim sem ekki komust til síns heima á hótél enda allar rútur stopp í nálægum byggðum.

„Við tókum þessi vaktaskipti fyrst um miðnætti og svo aftur í morgun. Það var svipaða sögu að segja, heyrði ég, á Eskifirði þar sem var verið að koma fólki í og úr vinnu. Annars er þetta búið að vera frekar rólegt,“ segir Hjalti rólegur.

Hann bendir á þá staðreynd að hann sjái í steina uppi í fjalli og hann hafi oft séð miklu meiri snjó. „Þetta er enginn snjór að ráði en dregur í þessa ofboðslegu skafli sem eru að valda þessum vandræðum. ■

Gleðileg ný samskipti

Það sem þátttakendur uppskera:

- Aukið sjálfstraust, sterkari sjálfsmynd og trú á eigin getu
- Hugrekki til að segja sína skoðun óháð áliti annarra
- Kjark til að tala um eigin líðan og annarra
- Leiðir til að eignast vini, bæta samskipti og styrkja sambönd
- Þor til að koma hugmyndum sínum á framfæri og hafa áhrif
- Betra skipulag og skýrari markmið
- Jákvætt viðhorf og kvíða/streitustjórnun



Ókeypis vinnustofa fyrir foreldra. Skráning á dale.is/foreldrar

Námskeið hefjast:

10 til 12 ára 29. janúar 10.00 -13.00 átta laugardaga í röð
13 til 15 ára 26. janúar 17.00 - 20.30 einu sinni í viku, 9 skipti
16 til 19 ára 27. janúar 18.00 -22.00 einu sinni í viku, 9 skipti
20 til 25 ára 25. janúar 18.00 -22.00 einu sinni í viku, 9 skipti



*Hægt er að nota frístundastyrki bæjarfélaga sem greiðslu - Youth_Ad_122721

Skráning á dale.is eða 555 7080
Ókeypis kynningartími dale.is/ungtfolk



Nef fyrir tækifærum.

Það skiptir máli **hvar þú fjárfestir.**

Akta sjóðir er sjálfstætt sjóðastýringarfélag sem var stofnað árið 2013. Djúp þekking starfsfólks á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum ásamt virkri stýringu hefur skilað sér í öflugum úrvali sjóða sem eru opnir einstaklingum, fyrirtækjum og fagfjárfestum.

Fjárfestu með **Akta**.

Hafðu samband á sjodir@akta.is | akta.is





Mark Rutte og Sigrid Kaag, leiðtogar tveggja stærstu flokkanna í Hollandi.

Ná loks að mynda nýja ríkisstjórn

kristinnpall@frettabladid.is

HOLLAND Loks tókst að mynda nýja ríkisstjórn í Hollandi, níu mánuðum eftir kosningar, en listinn yfir ráðherra var gefinn út aðfaranótt mánudags. Mark Rutte leiðir ríkisstjórnina sem forsætisráðherra í fjórða skiptið en hann er leiðtogi hægrisinnaða flokksins VVD sem fékk 35 sæti af 150 í þingskosningum síðasta árs. Fyrri ríkisstjórn Rutte sagði af sér í byrjun síðasta árs í ljósi hneykslismáls sem tengdist kröfu barnaverndaryfirvalda til fjölmargra fjölskyldna um endurgreiðslu barnabóta.

Tvær ráðherrastöður bætast við ríkisstjórnina og vekur athygli að kynjahlutfallið verður jafnt í ráðherrasætunum þar sem tíu af tuttugu ráðherrum eru kvenkyns. Í skýrslu UN Women frá síðasta ári kom fram að fjórtán ríki á heimsvísu hefðu í ársbyrjun 2020 verið með jafnt kynjahlutfall í ráðherra-stólum en Holland bætist nú við þann lista. ■

Fjölgun í Hafnarfirði og Norðurþingi

Líkt og undanfarin ár var íbúafjölgunin árið 2021 mest á þéttbýlisstöðum í nágrenni við höfuðborgarsvæðið, svo sem í Hveragerði, Árborg og Reykjanesbæ. Reykjanesbær náði 20 þúsund íbúum og Akureyri á stutt í það.

kristinnhaukur@frettabladid.is

SAMFÉLAG Eftir fækkun upp á 300 íbúa árið 2020 hefur Hafnfirðingum tekist að snúa þróuninni við og á árinu 2021 fjölgaði þeim um 73. Þeir hafa þó ekki náð 30 þúsund íbúa markinu á ný eins og árið 2019 og vantar nú tæplega 250 sálir upp á.

Í Reykjavík fjölgaði íbúum um 2.420 og 688 í Kópavogi, eða um 1,8 prósent í hvoru sveitarfélagi fyrir sig. Garðbæingum fjölgaði um 760, eins og árið 2020, sem er fjölgun upp á 4,3 prósent.

Íbúafjölgunin var mest á Suðurlandi og Reykjanesi, rúmlega 3 prósent í hvorum landshluta. Í Hveragerði fjölgaði íbúum um rúmlega 200, eða 7,5 prósent, og vantar nú aðeins 14 upp í 3.000. Árborg hefur verið eitt örst stækkandi sveitarfélag landsins en fjölgunin þar var tæplega 380 íbúar, eða 3,6 prósent. Alls fjölgaði um 1.050 íbúa á Suðurlandi og 906 á Reykjanesi en fjölgunin þar er langmest í Reykjanesbæ, 729 íbúar. Komst það bæjarfélag yfir 20 þúsund íbúa múrinn á árinu. Fjölgunin á Vesturlandi var samþærileg við höfuðborgarsvæðið, 1,9 prósent, og munar þar mestu



Eftir 80 íbúa fækkun árið 2020 varð sjö íbúa fjölgun í Norðurþingi í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



Íbúar Dalvíkurbyggðar eru nú 666.

um 119 íbúa fjölgun í Borgarbyggð og 147 á Akranesi. Þar er einnig að finna mestu öfgar landsins því að fjölgunin í Helgafellssveit var upp á 19,7 prósent og fækk-

unin í nágrannahreppnum Eyja- og Miklaholtshreppi 15,1 prósent. Þetta eru þó innan við 20 manns í hvoru tilviki. Hvergi fækkaði fólki jafnmikið og í Grundarfirði, um 23 sálir alls.

Á Norðurlandi eystra fjölgaði íbúum um 533 sem er mikill viðsnúningur því árið 2020 fjölgaði þar aðeins um 23. Akureyringum fjölgaði um 416, tvöfalt á við í fyrra og með sama áframhaldi ná þeir 20 þúsundum um næstu áramót. Norðurþing sem gengið hefur í

gegnum efnahagshremmingar náði að stöðva íbúafækkun. Í Hörgár-sveit var myndarleg fjölgun upp á 50 íbúa og íbúar Dalvíkurbyggðar voru um áramótin 666 talsins.

Alls fjölgaði landsmönnum um tæplega 7.459, eða 2 prósent, og fjölgun varð í öllum landshlutum. Austfirðingum fjölgaði um 169 og Vestfirðingum um 91. Á Norðurlandi vestra var aðeins fjölgun upp á 13 manns, eða 0,2 prósent. Dró þar mest úr 19 manna íbúafækkun á Blönduósi. ■



Mínar síður á www.reykjavik.is

Álagningar- og breytingarseðlar fasteignagjalda í Reykjavík 2022 verða aðeins birtir á vefsíðunni island.is og á Rafrænni Reykjavík á árinu 2022.

Álagningar- og breytingarseðlarnir verða ekki sendir í pósti í samræmi við breytingu sem gerð var á lögum nr. 4/1995 sem tók gildi 1. janúar 2019, en þá er sveitarstjórn heimilt að senda tilkynningu um álagningu fasteignaskatts rafrænt.

Á vef Reykjavíkurborgar undir „mínar síður“ geta fasteignaeigendur:

- skoðað álagningarseðil fasteignagjalda (eftir 24. janúar 2022) og alla breytingarseðla þar á eftir
- skráð sig í boðgreiðslu fasteignagjalda
- gefið upp reikningsnúmer ef til endurgreiðslu kemur
- óskað eftir að fá senda greiðsluseðla fyrir fasteignagjöldum, þar sem þeir verða líkt og áður ekki sendir út til greiðenda, 18-79 ára
- sent inn erindi vegna fasteignagjalda

Fasteignagjöld ársins 2022, yfir 25.000 kr., greiðast með ellefu jöfnum greiðslum á gjalddögum: 30. janúar, 2. mars, 2. apríl, 2. maí, 1. júní, 3. júlí, 2. ágúst, 3. september, 2. október, 1. nóvember og 4. desember

Gjalddagi fasteignagjalda undir 25.000 kr. er 30. janúar.

Fasteignagjöld í Reykjavík verða innheimt í netbönkum. Fasteignaeigendum er jafnframt bent á beingreiðslur hjá öllum bankastofnunum og boðgreiðslur af greiðslukortum.

Nánari upplýsingar og aðstoð má fá með því að senda fyrirspurn á netfangið upplýsingar@reykjavik.is eða í síma 411 1111.



Reykjavíkurborg
www.reykjavik.is



Bláfugl rekur niu Boeing 737 flugvélar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslenskri fraktvél beygt af leið vegna bilunar

kristinnhaukur@frettabladid.is

FLUG Fraktvél Bláfugls var snúið til Glasgow í gærmorgun vegna þrýstingsfalls þegar hún var á flugi norðan við Bretlandseyjar. Vélin, sem er af gerðinni Boeing 737, var að flytja almennan varning frá Billund í Danmörku til Keflavíkur og í henni voru tveir flugmenn.

Vélin tók af stað um klukkan 7.00 um morguninn en um hálf tíma síðar, þegar vélin var á milli Færeyja og Hjaltlands, sendi hún út neyðarkall, lækkaði flugið úr 9,5 kílómetrum niður í 2,5 og tók beygju í átt að Glasgow þar sem hún lenti fyrir klukkan 9.00.

„Vélinni var beygt til Glasgow af því að menn voru ekki vissir með þrýstinginn,“ segir Sigurður Ágústsson, forstjóri Bláfugls. „Því fylgja menn öryggisreglum og ráðstöfunum félagsins og lækka flugið í það sem er kallað örugg hæð, sem þarf ekki þrýsting. Í samræmi við



Í samræmi við reglur lýsa menn yfir neyðarástandi og lenda í Glasgow.



Sigurður Ágústsson, forstjóri Bláfugls

reglur lýsa menn yfir neyðarástandi og lenda í Glasgow.“

Sigurður segir allt í lagi með flugmennina og að vélin sé nú í viðhaldi í Skotlandi. „Það var aldrei neinn í hættu,“ segir hann. ■

REXTON

ÞÚ GRÍPUR ÞAÐ ÞÝÐINGARMESTA MEÐ **M-CORE**



Lífið verður áskorun þegar heyrnin fer að skerðast. Allt frá stofnun fyrirtækisins árið 1955 hefur Rexton boðið upp á nýjustu tækni í heyrnartækjum. Þau hafa skilað ótal nýjungum og tæknilegum lausnum svo að þú getir treyst á góða heyrn. Með MotionCore® tækninni stilla heyrnartækin sig sjálfkrafa að hvaða aðstæðum sem er svo að þú getur reitt þig á Rexton. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN



RISA ÚTSALA

Allt að **60%**
afsláttur



SCOTT Hornsófi í koníakslituðu Kentucky áklæði. Hægri eða vinstri tunga. 293 x 217 x 85 cm. 279.990 kr.

Nú 209.992 kr.



50%

FREGAT Hægindastóll, hvítolíuborin eik, svart leður. 169.990 kr.

Nú 84.995 kr.



60%

NAPOLI Counterstóll PVC dökkgrár eða svartur. 23.990 kr.

Nú 9.596 kr.



RICHMOND Borðstofuborð. Olíuborin eik. Ø120 cm. 99.990 kr.

Nú 69.993 kr.



RIVERDALE Lynn borðstofustól. 19.990 kr.

Nú 15.992 kr.



YORK Borðstofustól. Brúnt gervileður. 26.990 kr.

Nú 19.972 kr.



BROOKE Borðstofustól. Vic dusty rose. 21.990 kr.

Nú 13.194 kr.

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Tilboð gilda á meðan útsölu stendur eða á meðan birgðir endast.



**HÚSGAGNA
HÖLLIN**

www.husgagnahollin.is

Sími: 558 1100



Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna fundar í marsmánuði þar sem málið verður tekið upp að nýju. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Stórveldin boða hert eftirlit með kjarnorkuvopnum

Stórveldin sem eiga fast sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna boðuðu í gær hert eftirlit með kjarnorkuvopnaframkvæmd. Um leið sameinuðust þau um að lofa því að nota ekki kjarnorkuvopn gegn hvert öðru.

kristinnpall@frettabladid.is

HERNAÐUR Alþýðulýðveldið Kína, Frakkland, Rússland, Bretland og Bandaríkin, sem eru fastir meðlimir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, sendu frá sér yfirlýsingu í gær þar sem ríkin ítrekuðu mikilvægi þess að hindra frekari útbreiðslu kjarnorkuvopna og að allt kapp yrði lagt á að aldrei kæmi til kjarnorkustríðs. Fram undan er ráðstefna öryggisráðsins í Vínarborg þar sem þjóðirnar fimmtán sem eiga sæti í ráðinu leggja fram stefnumörkun til að draga úr líkum á kjarnorkustríði í náinni framtíð.

Í yfirlýsingunni kemur fram að þjóðirnar fimm séu sammála um mikilvægi þess að þær lendi ekki í



Nú þjóðir í heiminum eiga kjarnorkuvopn, fjögur þeirra eiga ekki fast sæti í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

stríði og að minnka líkurnar á að aðrar þjóðir geti farið í stríð með beitingu kjarnorkuvopna. „Við ítrekum að það verður enginn sigurvegari ef það kemur til kjarnorkustríðs sem ítrekar mikilvægi þess að slíkt stríð fari aldrei fram. Langtímaáhrif kjarnorkuvopna eru slík að þau eiga, á meðan þau eru enn til staðar, aðeins að vera hluti af varnarmálabúnaði til að draga úr árásgirni og koma í veg fyrir stríð. Fyrir víkið sammælumst við um að það eigi að hindra frekari útbreiðslu

á slíkum vopnum,“ er meðal þess sem kemur fram í yfirlýsingunni. Þá er því bætt við að þjóðirnar ætli í sameiningu að auka eftirlit með því hvort kjarnorkuvopn séu notuð.

„Þessi yfirlýsing kemur á þeim tíma sem aukin spennan hefur fæst í samskipti heimsveldanna, bæði milli Bandaríkjanna og Kína og sérstaklega við landamæri Rússlands og Úkraínu. Manni finnst næstum því hægt að lesa úr þessu að það sé verið að setja pottlok ofan á nokkra nýtingu kjarnorkuvopna ef það kemur til átaka á næstunni,“ segir Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði, aðspurður hvað hægt sé að lesa úr þessari tilkynningu. „Um leið undirstrikar þetta að það sé hætt á einhvers konar hernaðarihlutun á næstunni en maður vonast auðvitað til þess að hægt sé að forðast öll átök.“

Eiríkur tekur undir að þetta sé um leið viðvörn til ríkja sem hafa verið að þróa kjarnorkuvopn. „Það er líka hluti af þessu, að geta haft eftirlit með framleiðslu kjarnorkuvopna.“ ■

Fjögur þúsund flóttamenn létust við að reyna að komast til Kanaríeyja

kristinnpall@frettabladid.is

SPÁNN Samtökin Caminando Fronteras sem eru hagsmunasamtök innflytjenda, fullyrða að 4.404 innflytjendur, þar af 205 börn, hafi látist á sjó við að reyna að komast ólöglega til Spánar á síðasta ári. Það eru rúmlega helmingi fleiri dauðsföll en árið 2019 þegar 2.170 létust við að reyna að komast yfir til Evrópu. Er þetta mesti fjöldi dauðsfalla á einu ári frá því að samtökin byrjuðu að taka saman tölfræði yfir dauðsföll innflytjenda á sjó árið 2015.

Fjallað var um málið í spænskum fjölmiðlum í gær þar sem fram kom að í um 94 prósentum tilvika hefðu líkin ekki fundist.

Hert landamæraeftirlit við strendur meginlands Spánar gerir það að verkum að smygjarar eru farnir að einblína á Kanaríeyjar þrátt fyrir lengra og hættulegra ferðalag. Stysta vegalengdin er rúmlega hundrað kílómetrar og má rekja rúmlega fjögur þúsund



Flóttamenn hafa gripið til þess ráðs að synda þar sem vegalengdin er styttri.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

dauðsföll á síðasta ári til tilrauna til þess að smygla fólki til Kanaríeyja. María González Rollán, einn höfundar skýrslunnar, sagði á blaðamannafundi þar sem niðurstöðurnar voru kynntar að þessar tölur lýsi sorglegum staðreyndum og að sífellt stærri hluti flóttamanna séu konur og börn.

Þessar tölur eru mun hærri en Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna hafði gefið út. Samkvæmt tölfræði Sameinuðu þjóðanna létust 1.279 flóttamenn við að reyna að komast til Spánar á síðasta ári. Spænsk stjórnvöld álykta að um 37 þúsund flóttamenn hafi komist til landsins á síðasta ári. ■

Myllu heilkornabrauð
LÍFSKORN
Lífskorn færir þér máltíð af akrinum

LÍFSKORN, HEILT
HVEITIKORN OG
RÚGUR

LÍFSKORN,
TRÖLLAHAFRAR
OG CHIA-FRÆ

LÍFSKORN,
SÓLBLÓMAFRÆ
OG HÖRFRÆ

LÍFSKORN,
ÍSLENSKT BYGG
OG SPÍRAÐUR
RÚGUR

LÍFSKORN,
LÁKGOLVETNA
- aðeins 1,8 g kolvetni
í hverri brauðsneið

LÍFSKORN,
SJÖ TEGUNDIR
AF FRÆJUM OG
KORNUM
- ekkert ger
- ekkert hvítt hveiti

Veldu þitt Lífskorn - heilkorna fjölskylda af hollustu

Heilkorn

Kím
Næring fyrir fræið, inniheldur
andoxunarefni, E-vítamín og B-vítamín

Fræhvíta
Orkugjafi, inniheldur
kolvetni og prótein

Klíð
Ytri skel sem ver fræið,
inniheldur trefjar,
B-vítamín og steinefni

- Lífskorn er næring fyrir heilsuræktina

Lífskorn er góð hugmynd að vellíðan og hluti af heilsurækt þinni. Í Lífskorni finnur þú þín góðu frækorn, trefjarnar, próteinin og bragðgæðin.

Lífskorn er trefjagjafi þinn - fræsafn þitt og heilsurækt - hefur hátt hlutfall heilkorns, með lágt fituhlutfall og inniheldur lítið af salti.

Lífskorn inniheldur B- og E-vítamín og steinefni sem líkaminn þarfnast.

Þú finnur plöntuefni, prótein og kolvetni heilkornsins í Lífskorni og undirbyrð þig þannig fyrir heilsuræktina. Lífskorn færir þér máltíð af akrinum, hollustu og orku fyrir heilsuræktina - Bragðaðu öll brauðin og veldu þitt uppáhalds Lífskorn. Öll Lífskornabrauðin eru vegan.

Ræktaðu huga og líkama
Fáðu þér Lífskorn heilkornabrauð
frá Myllunni - strax í dag



Mikilvægt er að lítið samfélag okkar Íslendinga geti treyst á sjálfstæða innlenda framleiðslu. Myllan er ferskvöruframleiðandi sem skilur að samfélagið þrífst best á fjölbreyttri matarmenningu. Stöðug vöruþróun Myllunnar skilar okkur íslensku úrvali af ferskvörum í besta gæðaflokki. Skoðaðu hvaðan maturinn kemur - leitaðu eftir Myllu-merkinu! Myllan, þaðan sem nýtt kemur.

> **Skoðaðu vöruúrvalið á: myllan.is**



Alltaf nýbakað
síðan 1959



Eins og biðröðin eftir bólusetningu var góð, var lægra risið á skimunarröðinni ofar á Suðurlandsbrautinni. Horfa mátti á faraldurinn rísa og hníga eftir því hve langar þessar raðir urðu á árinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Langar raðir í bólusetningu mynduðust við Laugardalshöll á vormánuðum og náðu stundum langt upp á Suðurlandsbraut. Flestir voru léttir í lund í röðinni enda ánægðir að fá loks vörn gegn veirunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIG-TRYGGUR ARI

Covid 2021

Íslendingar, og reyndar heimsbyggðin öll, fóru fullir bjartsýni inn í árið 2021 með von um að nýpróuð bóluefni myndu koma okkur út úr heimsfaraldrinum. Ljósmyndarar Fréttablaðsins voru á vettvangi faraldursins og meintra lausna gegn honum allt liðið ár.



Börnin hafa ekki farið varhluta af faraldrinum og vandadur handþvottur er orðinn jafn brýnt námsefni og lestur og skrift. Nú stýttist í að börn frá 5 til 11 ára verði bólusett.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir fékk höfðinglegar móttökur þegar hann þáði bólusetningu í Laugardalshöll og klöppuðu allir viðstaddir þegar skammti af AstraZeneca var sprautað í upphandlegg hans.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Bólusetningargengi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins fékk mikið lof fyrir afburðagott skipulag bólusetninga í Höllinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bjóðum Domus barnalækna
og háls-, nef- og eyrnalækna
velkomna í Urðarhvarf 8



LYFSALINN
APÓTEK
URÐARHVARFI 8

Gleðilegt nýtt ár

Líttu við í apótekinu

OPIÐ
9.00 - 20.00
virka daga

LYFSALINN GLÆSIBÆ Opið 8.30 - 18.00 Sími 517 5500 / glaesibaer@lyfsalinn.is

LYFSALINN VESTURLANDSVEGI Opið 9.00 - 22.00 Sími 516 5500 / vesturlandsvegur@lyfsalinn.is

LYFSALINN URÐARHVARFI Opið 9.00 - 20.00 Sími 516 5505 / urdarhvarf@lyfsalinn.is

www.lyfsalinn.is

Katrín og Guðni



Elin Hirst
elinhirst
@frettabladid.is

Leiðtogar þjóðarinnar, Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, ávörpuðu þjóðina um áramót eins og venja er og töldu í hana kjark því ekki veitir af. Bæði hrósuðu landsmönnum sérstaklega fyrir samstöðu og samhygd á erfiðum tímum, sem þjóðin á svo sannarlega skilið.

Katrín þakkaði þjóðinni fyrir samstöðu í faraldrinum; að standa saman í sýnatökuröðum víða um land, styðja ættingja og vini sem hafa veikt og sameiginlega beitt ríkissjóði til þess að bæta almenningi og atvinnulífi sem best tjónið sem veirufárið hefði valdið.

Hún sagði gott að rifja upp hvað ætti að ráða för hvort sem það væri í heimsfaraldri, eldgosi eða öðrum áskorunum. „Jú, það er og á ávallt að vera almannahagur,“ sagði Katrín. „Ef það leiðarljós er á hreinu auðveldar það allt annað. Því auðvitað munu alls konar hagsmunir alltaf vera undir í öllu því sem við gerum og ekki dugar að hlusta aðeins á þá sem hæst hafa hverju sinni,“ sagði hún.

Þetta er vel mælt hjá forsætisráðherra! Vonandi ber nýja ríkisstjórnin okkar gæfu til að fara eftir þessu heilræði í stað þess að flækjast í net sérhagsmunaafila eða þeirra sem hæst hrópa.

Guðni talaði um um óttann og sína persónulegu reynslu af honum. Var það vel gert af forseta að gefa af sér með slíkum hætti og örugglega huggun fyrir marga að að vita að þeir eru ekki einir að glíma við þann erfiða förunaut. Forsetinn sagði: „Ótti er ekki alltaf ástæðulaus, því fer fjarri. Hann getur fyllt okkur brýnum krafti þegar að okkur er sótt. En hann er vondur förunautur frá degi til dags ... Svo fær hann okkur jafnvel til að vera hvass-yrtari en ella, stífari á okkar meiningu, tregari til að meðtaka önnur sjónarmið. Vel má vera að mörg ykkar kannist við þetta, sjálfur hef ég fundið þetta á eigin skinni.“

Guðni minnti á að þrátt fyrir að óttinn mætti ekki ná tökum á okkur yrði bjartsýni að byggjast á raunsæi. Nefndi hann sérstaklega loftslagsvána þar hann hefði nýlega lesið að ef við fyndum ekki ný heimkynni tímanlega annars staðar í Vetrarbrautinni væri úti um okkur.

Það er gott að hefja nýtt ár með því að hugleiða kjarnann í ávörpum Katrínar og Guðna. Orð beggja voru innihaldsrík, hlý og hvetjandi en samt raunsæ. Að standa saman, hugsa fyrst og fremst um almannahag, virða skoðanir og siðvenjur annarra, hlusta á vísindin og nýta þá krafta og hugvit sem mannkynið býr yfir til þess að jörðin geti verið góður og öruggur samverustaður þar sem ríkir jöfnuður og velsæld. ■

”

Guðni talaði um um óttann og sína persónulegu reynslu af honum.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

bth@frettabladid.is
adalheidur@frettabladid.is

Tifandi tímasprengja

Sú ákvörðun heilbrigðisráðherra að taka fram fyrir hendur Þórólfs sóttvarnalæknis og heimila að skólastarf hefjist í dag er vægast sagt umdeild. Skólabörn báru mestan part Covid-smita uppi síðustu dagana fyrir jólafrí. Síðan hefur allt orðið vitlaust og það án þess að nemendur hittist inni í kennslustofum. Líkja nú ýmsir ákvörðun Willums Þórs ráðherra við tifandi tímasprengju en áður hafði Kári Stefánsson kallað það byrjendamistök að Willum skyldi veita undanþágur til vínveitingastaða í aðdraganda jólaanna.

Hjól atvinnulífsins

Sjálfstæðismenn og aðrir unnendur kapítals og atvinnulífshjóra hljóta hins vegar að finna til léttis með að loksins sé atvinnulífið sett í fyrsta sæti og heilsa barna, kennara og annarra raðað í sætin þar fyrir neðan. Þvílíkur munur fyrir hægríð að hafa losnað við Svandísi úr heilbrigðismálunum sem gat teygt lúkurnar yfir í skólastarfið með því alræðisvaldi sem í heilbrigðisráðuneytinu er falið á tímum heimsfaraldurs. Þá er hinn ljúfi Willum skárri og meðfærulegri kostur, eins og komið hefur á daginn. ■

Hljómur nýársklukkunnar



Agnes M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Enn eitt ár er á enda runnið og nýtt hafið. Öll berum við þá von í brjósti að það sem gerði okkur lífið leitt á síðasta ári sé að baki og bjartari tímar taki við.

Á nýársdag flutti ég prédikun í Dómkirkjunni í Reykjavík og var guðsþjónustunni útvarpað samkvæmt venju á Rás 1 í ríkisútvarpinu. Þar gerði ég að umtalsefni það sem burt má fara á nýju ári og það sem koma má til að líf okkar verði blessunarrikt og gott. Ég lagði út af ljóði A. L. Tennyson sem ávarpar nýársklukkurnar í kvæði sínu In Memoriam og sagði meðal annars:

„Nýársklukkan íslenska má í ár hringja út þann harm sem margar fjölskyldur reyna vegna misnotkunar á áfengi og neyslu fíkniefna.

Nýársklukkan má hringja út það kynferðis- ofbeldi sem margir hafa orðið fyrir, konur, karlar, transfólk, ofbeldi sem meidir og deyðir, ofbeldi sem hefur svo sannarlegar verið sett í orð og umræðu á nýliðnu ári. Það mun skila árangri þegar fram líða stundir en sársaukafull er sú vegferð sem hafin er eins og ávallt þegar sár er hreinsað svo það geti gróið um heilt.

Nýársklukkan má einnig hringja út heimsfaraldurinn sem enginn mun sakna og afleiðingar loftslagsbreytinganna sem valda meðal annars breyttu veðurfari. Klukkan sú má einnig hringja út allt það sem ógnar og rænir fólk lífshamingjunni. Það er af nógu að taka.“

Vonir og væntingar til hins nýja árs voru sagðar með þessum orðum: „Við biðjum þess að á hinu nýbyrjaða ári hringi nýársklukkan inn ráð og leiðir til að sætta fólk og koma á friði á jörðu. Hringi inn meiri trú og minni efa. Hringi inn farsæld og gjöfult lífi. Hringi inn visku og seiglu til að takast á við verkefni lífsins.“

Með þá sýn og bæn í huga bið ég Guð að blessa okkur nýtt ár. ■

”

Við biðjum þess að á hinu nýbyrjaða ári hringi nýársklukkan inn ráð og leiðir til að sætta fólk og koma á friði á jörðu.

Árni Tómas Ragnarsson gigtlæknir

flytur læknastofu sína í Austurstræti 4

Ég hef flutt læknastofu mína úr Domus Medica í Austurstræti 4, 2. hæð, sem er á horni Austurstrætis og Ingólfstorgs, (hús Thorvaldsensfélagsins). Gengið inn frá torginu.

Tímapantanir og skilaboð eru í síma 893 9232, mánudaga, miðvikudaga og föstudaga frá kl. 9 - 11.



Er jörðin enn flöt hjá Seðlabanka?



Ole Anton Bieltvedt
alþjóðlegur kaup-
sýslumaður og
stjórnmaðarýnir

Stjórn Seðlabanka hefur undanfarna mánuði hækkað stýrivexti, eða meginvexti, eins og þeir eiga nú vist að heita, jafnt og þétt, úr 0,5% í 2,0%. Hefur Seðlabanki þannig í 4 skrefum fjórfaldað þessa vexti á árinu.

Þessar hækkanir eiga að mati bankans að slá á verðhækkana-öldu og verðbólgu í landinu. Efast undirritaður sterklega um, að svo verði.

Þessar vaxtahækkanir hafa auðvitað áhrif á alla fjármagnsþurfa (nýyrði); einstaklinga, fjölskyldur, fyrirtæki hvers konar, líka opinbera aðila, sem sækja þurfa í lánsfé. Á alla, yfir höfuð, sem þurfa eða nýta lánsfé.

Þessi áhrif eru auðvitað verulega íþyngjandi og neikvæð fyrir fjármagnsþurfa. Að slepptum meintum hagstýringaráhrifum, þjóna vaxtahækkanir þeim tilgangi, að færa fjármagn frá fjármagnsþurfum til fjármagnseigenda.

Hér má líka segja, þó almenn framsetning sé, frá „fátækum“ til „ríkra“. Sá vinkill á vaxtahækkunum er vitaskuld ekki lengur bara hagfræði og efnahagsstjórn, heldur líka, og jafnvel miklu fremur, réttlætis- og jafnréttismál.

Verðbólga á Íslandi var í byrjun þessa árs um 4,3%. Hún hefur svo sveiflast milli 4,6% og tæplega 5% frá í vor. Eiginlega hefur kúrfan verið nokkuð flöt frá í marz/apríl.

Að mati undirritaðs, er meginástæða þessarar tiltölulegu háu en þó mest stöðugu verðbólgu, einmitt bein og óbein áhrif af Covid.

Vöruafhendingarkeðjan, frá frumframleiðslu til neytanda eða notanda, hefur truflast af völdum Covid – hráefni, aðdráttur, framleiðslu-, flutnings- og dreifingarkerfi – og hefur þetta hækkað nánast allt verðlag, alls staðar, í bili. Þetta er í raun sérstakt, afmarkað fyrirbrigði í umfangi og tíma.

Auðvitað gerist ýmislegt annað í einstökum hagkerfum, en þetta er almenn og rétt skýring á alþjóðlegri verðhækkanaöldu 2020-2021.

Seðlabanki Evrópu, sem hefur helztu hagfræðingum og efnahags-sérfræðingum álfunnar á að skipa, metur þær verðhækkanir, þá verðbólgu, sem nú er á ferðinni, með sama hætti, og ákvað nýverið að halda ESB-stýrivöxtum óbreyttum við 0,0%.

Sérfræðingar bankans töldu verðhækkunarölduna tímabundna Covid-sveiflu, sem ekki væri í raun hægt að taka efnislega á, væri sjúkdómsfaraldur, sem leysa yrði í gegnum heilbrigðiskerfi og bólu- setningar, ekki efnahagslegt fyrirbæri, og sá ekki ástæðu til að grípa inn í fjármagnsmarkaði með vaxta- breytingum, alla vega alls ekki með vaxtahækkunum, sem myndu bitna mikið eða mest á einmitt þeim, sem Covid hefur valdið hvað mestum skaða.

Meðaltalsverðbólga í ESB var nú í október-nóvember svipuð og hér, 4,5 til 5,0%. Efnahagsleg skilyrði bæði þar og hér því á svipuðum nótum.

Stjórnendur Seðlabanka Íslands virðast byggja sínar skoðanir og sína aðferðafræði á einföldum forsendum. Þeir líkja verðhækkunum og verðbólgu við bál, og vexti við vatn, slökkvivökva, sem draga má úr eldinum eða slökkva hann með.

Fyrir mér er þetta ótrúlega einföld, frumstæð, aðferðafræði, get allt eins talað um flata jörð.

Í þessu líkingamáli eru vextir ekki bara vatn, heldur mikið líka olía. Fyrir utan húsnæðiskostnað, er fjármagnskostnaður helzti útgjaldaliður



Vandinn við hagfræði er, að hún byggir mikið á gömlum fræðum, reynslu og þekkingu, sem skapaðist á fyrri tímum, við allt aðrar aðstæður.

flestra einstaklinga og fjölskyldna. Fyrir hvers konar atvinnustarfsemi, svo ekki sé talað um fjárfestingar, eru laun og vextir langstærstu útgjaldaliðirnir.

Vaxtastig hefur því mikil áhrif á allt, og vaxtahækkun leiðir til kostnaðarauka nánast alls staðar.

Margir, einstaklingar og fyrirtæki, eru í þeirri stöðu, að þeir verða – neyðast til – að nota sitt fjármagn, hvað sem vaxtastigi liður. Hver getur lækkað eða gert upp skuld, þó að vextir hækki?

Vaxtahækkun kann að draga úr sókn í ný lán, nýjar lántökur, en yfirgnæfandi meirihluti lauss fjármagns er þá þegar í fastri notkun. Er fastbundið.

Mitt mat er því, að vaxtahækkanir Seðlabanka nú í ár ýti fremur undir verðhækkanir, en að þær slái á þær. Það er meiri olía í slökkvivökvanum, en vatn.

Hér má líka nefna Sviss. Þar er verðbólga reyndar mjög lág, en hefur þó þrefaldast síðustu sex mánuði. Ekki dettur stjórnendum Seðlabanka þar í huga að hækka stýrivexti, þó svo sé, en þeir eru – mínus 0,75%.

Menn hafa talað um, að sérstök þörf væri á vaxtahækkunum til að forða yfirhitun fasteignamarkaðarins. Fyrir mér er þetta ógrundað tal. Sérhver frjáls markaður stillir sig sjálfur.

Eftirspurn er minni en framboð, hvað sem liður vöxtum – reyndar má reikna þá, sem hluta kaupverðs – lækkar verð. Ef eftirspurn er meiri en framboð, hækkar verð.

Þetta eru að sjálfsögðu grunnlögmál frjáls markaðs á sama hátt og allur kostnaður við kaup og sölu spilar inn í.

Þegar stýrivextir í Evrópu fóru niður í 0%, nokkru eftir banka- og fjármálakreppuna, fullyrtu sumir, að svo lágir vextir myndu setja fasteignamarkaðinn á hvolf; nú myndu allir, sem vettlingi gætu valdið, kaupa í stað þess að leigja.

En, hvað gerðist? Fyrst leiddi ódýrt fjármagn til eftirspurnar á fasteignamarkaði, umfram framboð, og verð hækkaði. Þessi gróska og vaxandi tekjur fasteignamarkaðarins leiddi svo aftur til þess, að bygging íbúða

og fasteigna stórjókst, þannig, að mikið framboð stillti aftur af verð í þágu kaupenda, en jók um leið úrval og valkosti.

Vandinn við hagfræði er, að hún byggir mikið á gömlum fræðum, reynslu og þekkingu, sem skapaðist á fyrri tímum, við allt aðrar aðstæður. Sumir vitna enn í kenningar frá síðustu öld, jafnvel þeirri 19.

Efnahagsleg og hagfræðileg skilyrði og aðstæður eru á sífelldri hreyfingu, og breytist umhverfi og forsendur nánast daglega. Aðeins frjóir hagfræðingar, sem ná að tengja og samræma gamlar kenningar og aðferðir við síbreytilegar forsendur og umhverfi liðandi stundar, með beztri mögulegri sýn inn í framtíðarþróun, geta markað sæmilega uppbyggilega stefnu.

Mér er til efs, að þessi hæfni sé til staðar hér. Sannast það líka í afstöðu peningastefnunefndar, Seðlabanka og ríkisstjórnar í gjaldmiðlamálum, sem líka vekur upp mynd af flatri jörð, en er þó annar kapítuli. ■

APOTEK
KITCHEN + BAR

FRÁBÆR Í HÁDEGINU

FISKIVEISLA

3 tegundir af ferskasta fiski dagsins

JANÚAR TILBOÐ

1.990 kr. á mann

GRILLAÐUR – PÖNNUSTEIKTUR – OFNBAKAÐUR

Borinn fram með fersku salati, smælki, og citrus beurre blanc.

APOTEK Kitchen + Bar // Austurstræti 16 / Sími 551 0011 / [apotek.is](https://www.apotek.is)

Sendiherrar Reykjavíkurborgar



Sabine Leskopf
borgarfulltrúi
Samfylkingarinnar

Í síðasta mánuði tók ég ásamt borgarstjóra, Degi B. Eggertssyni, á móti hópi sendiherra í borgarstjórnarsalnum.

Ekki hópi erlendra erindreka á Íslandi þó að þessi hópur væri ekki síður virðulegur. Sendiherraverkefnið okkar er nefnilega einstök brú milli menningarheima og bindum við mikla vonir við þessari nálgun.

Stærsti hópurinn sem þarf sendiherra eru nefnilega ekki t.d. Þjóðverjar sem þurfa að endurnýja vegabréfið sitt heldur allt fólkíð sem hér býr sem hefur annað móðurmál en kemst ekki yfir landamæri þessa samfélags.

Áður en ég varð borgarfulltrúi sat ég í stjórn Samtaka kvenna af erlendum uppruna. Fyrir mörgum árum síðan fengum við þar styrk til að upplýsa konur af erlendum uppruna um krabbameinsleit á Íslandi. Fyrst fórum við hefðbundnu leiðina: auglýstum fyrirlestur með túlki. Það mætti engin. Ástæðan var kannski augljós – krabbameinsleit kvenna er ekki málefni sem konum finnst einfalt að ræða um í framandi umhverfi við ókunnugt fólk. Við fengum aðra hugmynd: restina af styrknum nýttum við í að þjálfa 10 lykilkonur af mismunandi uppruna sem bæði voru ágætlega inni í íslensku samfélagi og tungumáli en á sama tíma vel tengdar í hópi samlanda sinna. Og svo styrktum við þær með kaffi og meðlæti og hver þeirra hélt einhvers konar saumaklúbb, bauð sem sagt öðrum minnst 10 konum úr sínu heimalandi heim til sín til að ræða málín. Árangurinn var magnaður

og tengsl mynduðust sem styrktu þessar konur langt umfram þetta kvöld og fyrirkomulag krabbameinsleitar á Íslandi. Brú var komin á.

Sömu nálgun höfum við nú innleitt í nýsköpunarverkefni sem er starfrækt af frábæru teymi í þjónustumiðstöð Breiðholts, eitt af stórvirkjum borgarinnar í starfi með innflytjendum.

Í gegnum sendiherrana fer fram samtal í báðar áttir, borgin fær betri mynd af skoðunum og þörfum þeirra sem ekki hafa íslensku sem móðurmál en getur á sama tíma komið upplýsingum til þeirra.

Þó þeir takist á við fjölda áskorana þá er okkar hópur sendiherra með eitt mál í brennidepli: Þátttöku barna af erlendum uppruna í frístundastarfi. Íslenska módelið eða forvarnarstarfið sem hefur gert kraftaverk meðal íslenskra ungmenna á síðustu 20 árum er orðið útflutningsvara í öllum heiminum, eins og sýndi sig um daginn á stórráðstefnu í Mexíkó þar sem Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Heiða Björg Hilmisdóttir hleyptu nýju forvarnarátaki af stokkunum, byggðu á okkar fyrirmynd. En þá megum við ekki gleyma að innleiða þessa byltingu hér heima til fulls. Þátttakan í frístundakortinu er nefnilega lægst í þeim hverfum þar sem fjöldi innflytjenda er hæstur og þó að 60% sé mikið á heimsmælikvarða þá er það ekki mikið í samanburð við önnur hverfi í borginni hvað notkun á frístundakorti varðar.

Öflugt frístundastarf í íslenskumælandi umhverfi er með sterk-



ustu vopnum sem við höfum til að tryggja að þessi börn og ungmennti fái að njóta sín til fulls í þessu samfélagi. Í tengslum við það hefur borgin á þessu ári samþykkt 30 milljónir í verkefnið Frístund í Breiðholti með það að markmiði að auka þátttökuhlutfall barna í íþrótt- og frístundastarfi og notkun frístundakorts í Breiðholti til jafns við meðaltal í Reykjavík og að styðjast við samfélagslega þátttöku, íslenskunám og félagslega aðlögun barna með annað móðurmál en íslensku.

Þetta samtal við íbúa getur svo í framtíðinni skilað okkur svo miklu öflugra íbúalýðræði sem er orðinn svo stór þáttur í þróun borgarinnar. Ég þreystist ekki á því að benda á hvað innflytjendur eru fjölbreyttur hópur, þeir eiga gæludýr, hjóla eða vilja hefja eigin rekstur, hafa áhuga á skipulags- og umhverfismálum.

Og hvergi náum við þessu samtali betur en í gegnum hverfisnálgun.

Starfandi sendiherra á þessu ári eru Sabit Veselaj (albanska), Karim Askari (arabíska), Maria Sastre (spænska), Pidsinee Dísá Einarsdóttir (tælenska), Emília Mlynska og Anna Radacz (pólska), Mirabela Blaga og Fer Biamin Alin (rúmenska), Neringa Eidukienė (litáíska) sem og Innocentia Fiati Friðgeirsson og Patience Afrah Antwi, sem brúa bilið fyrir fólk frá Gana, Nígeríu og Keníu.

Í erlendum sendiráðum getur maður fengið endurnýjun á vegabréfinu sínu en þessir sendiherrar gera eitthvað annað og nýtt: þeir búa til vegabréf, ef svo má segja, inn í borgina. Þeir ganga jafnvel lengra og taka niður landamærin, opna vegatálmana upp á gátt, þannig að við Reykvíkingar sitjum allir við sama borð. ■

”Í erlendum sendiráðum getur maður fengið endurnýjun á vegabréfinu sínu en þessir sendiherrar gera eitthvað annað og nýtt: þeir búa til vegabréf, ef svo má segja, inn í borgina.

Skipulags- og framkvæmdaárið 2021



Ólafur Ingi Tómasson
bæjarfulltrúi, for-
maður skipulags-
og byggingarráðs

Það er bjart yfir Hafnarfirði.

Önnur skipulagssvæði og framkvæmdir

Nýtt deiliskipulag á Norðurgarði og Norðurbakka var samþykkt á árinu. Framkvæmdum miðar vel á þessu fjölsóttu útivistarsvæði og gönguleið sem tengist miðbænum. Uppbygging á nokkrum þéttingarreitum fór afstað á árinu þar sem byggðar verða um 60 íbúðir, flestar í sérbýli. Skipulagsvinna á svæði Selhraun suður er langt komin, þar er gert ráð fyrir um 200 íbúðum og í janúar verður deiliskipulag Áslands 4 tilbúið í auglýsingu þar sem verða um 500 íbúðir, flestar í sérbýli, gert er ráð fyrir að fyrstu lóðirnar verði auglýstar í byrjun sumars. Nýr Tækniskóli verður byggður á hafnarsvæðinu og unnið er að nýju deiliskipulagi fyrir hluta rammaskipulags hafnarsvæðisins á svokölluðu Öseyrarsvæði, þar sem verða um 500-700 íbúðir. Samþykkt var breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar á Hraunum vestur – fimm mínútna hverfið, þar er gert ráð fyrir um 2.500 íbúðum, framkvæmdir hefjast á vormánuðum á fyrsta hluta þar sem gert er ráð fyrir 490 íbúðum ásamt verslun, þjónustu og leikskóla. Mikil ásókn er í iðnaðarlóðir og var deiliskipulag samþykkt fyrir nýtt iðnaðarsvæði auk þess sem unnið er að skipulagi á öðru svæði, bæði svæðin eru í Hellnahrauni.

Hér hefur verið stiklað á því helsta, samkvæmt því sem talið er upp hér að framan er gert ráð fyrir mikilli fjölgun íbúa og fyrirtækja í Hafnarfirði á næstu árum. Það er bjart yfir Hafnarfirði. ■

Mannréttindi blaðamanna



Guðjón Jenson
leiðsögumaður og
eldri borgari Mosfellsbæ

Á dögunum vakti töluverða athygli að fyrrum innanríkisráðherra, Ögmundur Jónasson, mótmælti fyrir utan breska sendiráðið í Reykjavík vægast sagt mjög ómannúðlegri meðferð á uppljóstraranum Assange. Einnig framkominni kröfu Bandaríkjamanna um framsal hans frá Bretlandi.

Það er vægast sagt undarlegt að í því landi sem talið er vera vaggafrelsis og mannréttinda sé uppljóstrun stríðsglæpa litin alvarlegri augum á starfi blaðamannsins en þau myrkraverk sem Assange vakti athygli heimsbyggðarinnar réttilega á. Honum eru borin á brýn mjög alvarleg afbrot sem felast í því að uppljóstra stríðsglæpi Bandaríkjahers.

Að mörgu leyti er mál hans samþætilegt við meðferð nasista á þýska blaðamanninum Carl von Ossietzky. Hann var ritstjóri þýska tímaritsins Die Weltbühne sem útleggja mætti sem leiksvið eða ræðupallur heimsins. Með valdatöku nasista jókst gríðarleg hergagnaframleiðsla í Þýskalandi þar sem nánast öll ákvæði friðarsamninganna eftir fyrri heimsstyrjöldina voru þverbrotin.

Carl var jafnaldri Hitlers, fæddur 1889 í Hamborg, en naut fremur lítillar skólagöngu. Hann varð snemma blaðamaður og fjallaði í störfum sínum á róttækan hátt meðal annars um kvenfrelsi og friðarstefnu. Árið 1931 var hann dæmdur í fangelsi fyrir landráð eftir að hann hafði ljóstrað upp um leynilega vígvæðingu Þjóðverja í trassi við ákvæði Versalassam-



Starf blaðamannsins er ekki alltaf auðvelt þegar hann vill vinna samviskusamlega í þágu allra.

inganna. Með valdatöku nasista versnaði staða Ossietzky's mjög. Ekki féllst hann á að flýja land þrátt fyrir hvatningu vina. Hann gagnrýndi hin nýju stjórnvöld misunnarlaust í ræðu og riti en brátt kom að því að hann var handtekinn. Frá 1933 til dauðadags 1938 sat hann í fangabúðum nasista. Talið er að banamein hans hafi mátt rekja til berkla sem hann fékk vegna afleits aðbúnaðar.

Árið 1935 var hann sæmdur Friðarverðlaunum Nóbels en stjórn nasista krafðist þess að Ossietzky afþakkaði þau. Hann neitaði að verða við þeim kröfum. Þá lýstu stjórnvöld Þriðja ríkisins yfir að

þýskum borgurum væri með öllu óheimilt að veita Nóbelsverðlaunum viðtöku, enda væru þau hluti af gyðinglegu samsæri að þeirra sögn.

Mál Assange er vægast sagt mjög undarlegt. Hann og Carl von Ossietzky eiga það sameiginlegt að ljóstra upp skuggahlíð stjórnvalda þar sem gegndarlaus hergagnaframleiðsla fer fram í skjóli myrkurs. Báðir eru þeir sviptir frelsi og látnir dúsa í fangelsi árum saman við illan kost.

Starf blaðamannsins er ekki alltaf auðvelt þegar hann vill vinna samviskusamlega í þágu allra. Blaðamaðurinn fær jafnvel ákúru fyrir þegar honum hefur tekist að koma mikilvægum en viðkvæmum upplýsingum á framfæri sem alla varða. Stundum setur hann sig jafnvel í lífs- hætta ásamt blaðaljósmyndurum þar sem þeir eru við störf í löndum þar sem hergagnaíðnaðurinn hefur gert að vígvelli í græðgi sinni.

Vonandi ná mótmæli Ögmundar fyrrum ráðherra árangri. Það þarf að frelsa Assagne frá ógnaröflunum sem hergagnaframleiðendur hafa meira og minna í vasanum. ■



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

ÞRIÐJUDAGUR 4. janúar 2022

KYNNINGARBLAÐ



Kolbrún Karla Róbertsdóttir.

Kolbrún Karla sýnir búdda

thordisg@frettabladid.is

Listakonan Kolbrún Karla Róbertsdóttir sýnir nú málverk á veitingastaðnum Energia í Smáralind. Kolbrún Karla hefur verið búsett erlendis í árafjöld en opnaði í desember glæsilega sýningu á nýjustu málverkum sínum og er það í fimmtánda sinn sem hún heldur málverkasýningu í Smáralind í kringum hátíðirnar.

Búdda með logandi kertaljós
Kolbrún er frumleg í listsköpun og sýnir í fyrsta sinn á Íslandi einstök málverk af búddum með áföstum brasshöndum sem eru skrúfaðar í málverkin og halda á kertaluktum sem skapa dulúðlega stemningu með rómantískri kerta-lýsingu. Mikil vinna liggur að baki verkunum og sérsmíðaði Kolbrún rammanna með steypuáferð sem er einkar töff. Þá sýnir Kolbrún tignarleg málverk af tveggja metra háum fossum sem gleðja augað. Sýningin stendur út janúar og er sjón sögu ríkari. ■

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS**HEILBRIGÐ
MELTING**www.celsus.is / apótek, Hagkaup og víðar

Magnús og Hafdis hafa verið saman í rúmlega eitt ár og hafa smellið saman, eins og hún orðar það. Hún á fimm syni frá fyrra sambandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Fitnessdrottning snýr aftur

Hafdis Björg Kristjánsdóttir hefur þrátt fyrir ungan aldur afrekað margt lífinu, unnið titla í fitnessheiminum, stofnað fyrirtæki og er fimm drengja móðir. Hún hefur trú á nýju ári. **2**

Til þess að geta gefið af sér og verið skapandi þarf maður að huga vel að líkama og sál. Sama hvar ég er stödd í lífinu þá er ég alltaf í sjálfs-vinnu.

Sjöfn Þórðardóttir sjofn @frettabladid.is



Magnús og Hafdís reka saman fyrirtækið Virago Heilsusetur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hafdís Björg hefur verið öðrum góð fyrirmynd til eftirbreytni og veit að með viljann að vopni er allt hægt. Strákarnir hennar eru á aldrinum tveggja til sextán ára og það er ávallt mikið fjör á heimilinu. Hafdís útskrifaðist sem stúdent frá Menntaskólanum í Borgarnesi árið 2011 og eftir það hefur hún nælt sér í alls konar titla. „Ég kláraði ÍAK-einkaþjálfarann hjá Keili, útskrifaðist sem förðunarfræðingur hjá EMM Makeup school og fór í frábært nám fyrir konur sem sjá um rekstur og stofnun smáfyrirtækja á Bifröst. Síðan fór ég að heillast af nuddnámi og byrjaði í því árið 2018. Ég kláraði SRT Soft Stretch Release Therapy réttindin og tók kennaranámið í framhaldinu, svo byrjaði ég að kenna 2019 og hef verið að því síðan.“ segir Hafdís og er hvergi nærri hætt að bæta við sig menntun.

„Núna er ég í nuddnámi með kærastanum mínum, Magnúsi Samúelssyni, og Úrsúlu, samstarfsfélaga mínum, í Póllandi. Við förum tvisvar til þrisvar á ári til þess að taka próf og fá réttindi við ýmsar meðferðir. Námið erlendis heillar mig mjög mikið því þar getur maður valið hvert svið fyrir sig og lært það án þess að þurfa að taka áfanga sem eiga enga samleið með því sem maður vill læra. Ef maður vill læra eitthvað ákveðið þá ætti námsefnið einungis að snúast um það en ekki fara yfir í allt annað efni, mér finnst tíminn of dýr-mætur til þess og vil einungis draga að mér þá reynslu sem kemur til með að nýtast mér.“

Rekur sitt eigið fyrirtæki

Í dag rekur Hafdís líkamsmeðferðarstofuna Virago Heilsusetur ásamt Magnúsi en þau kynntust fyrir mörgum árum í gegnum fitnessið. „Leiðir okkar lágu saman fyrir um það bil ári síðan og við höfum verið óaðskiljanleg síðan,“ segir Hafdís sem er innilega hamingjusöm með ástina sína. „Hann hefur svipaða sýn og ég svo við vorum fljót að setja okkur skýra stefnu með reksturinn og höfum verið að styrkja og byggja upp Virago eftir heimsfaraldurinn. Við erum mjög dugleg að búa okkur til verkefni og höfum mjög gaman af því að vinna saman.“

Lætur drauma sína rætast

Hafdís segir að það séu bæði



kostir og gallar við að reka sitt eigið fyrirtæki en það hefur alltaf verið markmið hennar að vera með eigin rekstur. „Ég elska að geta byggt upp mitt eigið og látið drauma mína verða að veruleika, það gefur mér svo ótrúlega mikið að hafa slíkt frelsi. Sumum finnst það bindandi en um leið og maður setur sér skýr markmið og reglur þá er þetta miklu meira frelsi en annað. Ég átti það til þegar ég byrjaði reksturinn að taka vinnuna með mér hvert sem ég fór, ef ég var ekki í Virago þá var ég við renna í gegnum alls konar peppandi tilvísanir, hlusta á Tony Robbins og félaga og finn hvað ég fyllist af krafti. Al-Anon-samtökin eiga að sjálfsögðu stóran þátt í minni sjálfsvinnu og það hjálpar mér enn þann dag í dag að vera betri maki, móðir og bara mann-skja. Við erum mjög aktiv fjölskylda og elskum útivist, á veturna eyðum við mestum frítímanum okkar í Bláfjöllum á snjóbretti, reynum að vera dugleg að fara í alls konar göngur og upplifa náttúru- fegurðina sem við búum við.“

Huga vel að líkama og sál

„Til þess að geta gefið af sér og verið skapandi þarf maður að huga vel að líkama og sál. Sama hvar ég er stödd í lífinu þá er ég alltaf í sjálfsvinnu. Ég er algjör tilvitnana-perri, ég byrja flesta daga á því að renna í gegnum alls konar peppandi tilvísanir, hlusta á Tony Robbins og félaga og finn hvað ég fyllist af krafti. Al-Anon-samtökin eiga að sjálfsögðu stóran þátt í minni sjálfsvinnu og það hjálpar mér enn þann dag í dag að vera betri maki, móðir og bara mann-skja. Við erum mjög aktiv fjölskylda og elskum útivist, á veturna eyðum við mestum frítímanum okkar í Bláfjöllum á snjóbretti, reynum að vera dugleg að fara í alls konar göngur og upplifa náttúru- fegurðina sem við búum við.“

Stefnir á keppni 2022

Hafdís æfir 4-6 sinnum í viku. „Hreyfing er mín gleðipilla. Sama hversu erfiður dagurinn reynist þá er allt miklu betra eftir góða æfingu. Konni, þjálfarinn minn, og Hrönn æfingafélagi hafa verið ótrúlega þolinmóð við mig og eftir tveggja barna keppnisþásu stefnum við á að byrja aftur að keppa 2022 og ég get ekki beðið. Ég dýrka þetta sport og fólkið í kringum það, þetta er ótrúlega krefjandi en gefur manni svo mikið til baka. Fólkheldur alltaf að fitness snúist bara um útlit og að svelta sig en það er svo fjarri lagi. Ég spái aldrei í því hvernig ég lit út á æfingu eða eftir hana, ég finn bara hvernig ég styrkist og hvernig andlega hliðin verður léttari. Þegar að við erum að æfa fyrir mót þá þarf mataræðið að vera 100% svo við fylgjum plani frá þjálfaranum okkar og ég borða aldrei jafn mikið og reglulega eins og ég geri fyrir mót. Mér liður ótrúlega vel því ég fæ næringuna mína og orkan að sjálfsögðu fyllist svo ég hef meira að gefa yfir daginn.“ Hafdís segist finna mun á sér þegar ekkert mót er fram undan til þess að stefna á. „Því þá á ég það til að gleyma máltíðum og fæ því minni orku yfir daginn. Svo ég reyni alltaf að halda mér á plani.“

Hafdís setur mikla pressu á að toppa fyrra keppnisform. „Síðasta mótið mitt var í nóvember 2016 svo tók ég smá barneignapásu og eignaðist tvo litla orkubolta með sextán mánaða millibili. Næsta mót hjá mér verður vorið 2022 og þótt það hljómi eins og það sé langt í það þá þarf að nýta

Kvöldnasl hjá Hafðisi er gjarnan kivi og lærpera saman í skál með sítrónusafa.

tímann vel og byggja upp og móta líkamann.“

Matseðillinn með millimálum Hvernig litur matseðillinn út hjá þér á venjulegum degi?

„Eins skringilega og það hljómar þá er morgunmaturinn minn uppáhaldsmáltíðin mín en ég set 50 grömm af höfrum í pott og sýð með vatni. Bæti við frosnum bláberjum, hálfri skeið af Gainer frá Perform og eina frekar stóra matskeið af GO-ON hnetusmjöri. Blanda þessu vel saman og dreifi síðan hreinum kanil yfir, þetta gefur mér góða orku út í daginn. Plús öll vítamínin sem ég tek með morgunmatnum,“ segir Hafdís og brosir.

„Millimálið er síðan bara mjög einfalt, tvö egg og tíu möndlur. Hádegismaturinn er alltaf kjúklingur, grjón og hellingur af grænmeti en ég er með mikið æði fyrir aspas þessa dagana svo ég reyni að vera dugleg að troða honum í öll mál.

Millimálið er síðdegis eftir æfingu, þá gríp ég í Hleðslu og banana. Kvöldmaturinn er síðan bara það sem er eldað fyrir fjölskylduna en við erum öll mjög aktiv og mikið íþróttafólk svo við höldum okkur frá unnum matvörum og reynum að hafa þetta frekar fjölbreytt og alltaf nóg af grænmeti.

Stundum er ég ekki í neinu stuði til þess að matreiða einhvern kvöldmat og væri bara til í að grípa með mér heim eitthvað fljótlegt eða detta í smá sukk en þá biður mín litli fótboltasnillingurinn minn, elsti sonurinn Kristján Hjörvar, en hann er gríðarlega metnaðarfullur þegar kemur að næringu svo ég kemst ekkert upp með annað en að hafa hollt og næringarrikt fæði. Ég viðurkenni alveg að hann heldur mér vel við efnið ef ég fer að gleyma mér.“

Hafdís á það til að fá sér eitthvað fyrir svefninn en reynir þá að hafa það einfalt og hollt. „Ef ég er svöng fyrir svefn þá sker ég avokadó og kivi niður í bita og helli smá sítrónusafa yfir, það kom mér á óvart hvað svona einfalt millimál getur verið bragðgott,“ segir Hafdís að lokum og bætir því við að núna sé það bara rútínin fram undan og hellingur af skemmtilegum verkefnum svo fjölskyldunni muni ekki leiðast. ■

Millimálið er síðan bara mjög einfalt, tvö egg og tíu möndlur. Hádegismaturinn er alltaf kjúklingur, grjón og hellingur af grænmeti.

Fasteignablaðið

1. TBL. 4. JANÚAR 2022

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

VIÐ LEIÐUM ÞIG HEIM

Landmark fasteignamiðlun

Hlíðasmára 2

201 Kópavogur

Sími: 512 4900

www.landmark.is

LANDMARK
FASTEIGNAMIÐLUN

Reykjavík
Snæfellsbæ
Höfn Hornafirði
VALHÖLL
FASTEIGNASALA
STOFNÚD 1995

588 4477
Síðumúla 27
www.valholl.is


Ingólfur Geir Gissurarson
Fránkæmdestjóri, lögg.
fasteignasali, leigumíðlari
896 5222
ingolfur@valholl.is



Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri, löggiltur
fasteignasali B.Sc.
693 3356
heidar@valholl.is



Hildur Harðardóttir
Lögfræðingur, löggiltur
fasteignasali, skjalagerð.
897 1339
hildur@valholl.is



Snorri Snorrason
Löggiltur fasteignasali
895 2115
snorri@valholl.is



Hólmfríður Björgevinsdóttir
Ritari
ritari@valholl.is
588 4477
holmfridur@valholl.is



Hrafnhildur B. Baldursdóttir
Löggiltur fasteignasali,
BA í Stjórnmalfræði.
862 1110
hrafnhildur@valholl.is



Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm., fasteignasala
Snæfellsnesi
893 4718
petur@valholl.is



Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur fasteignasali,
Lista og innviðs stílisti
892 8778
anna@valholl.is



Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083
sturla@valholl.is



Elín Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
695 8905
elin@valholl.is


Fagleg þjónusta
Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!


Háholt 14, Mosfellsbær
• Sími: 588 5530 • berg@berg.is
• www.berg.is • GSM 897 0047


Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
petur@berg.is
s. 897-0047



Davíð Ólafsson
lögg. fasteignasali
david@berg.is
s. 766-6633




Brynjólfur Jónsson
lögg. fasteignasali
brynjolfur@berg.is
s. 898-9791

Traust þjónusta - mikil sala

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —


FOLD
FASTEIGNASALA
Sími 552 1400

Íbúðin á Bergþórugötu 16 er björt, falleg, nýtskuleg og mikið endurnýjuð, og miðsvæðis í miðbænum. MYND/ÞESEND

Falleg og björt í miðbæ Reykjavíkur

Fold fasteignasala kynnir fallega og mikið endurnýjaða 3 herbergja íbúð á Bergþórugötu 16 í miðbæ Reykjavíkur. Íbúðin er á annarri hæð, þeirri efstu, í þriggja íbúða húsi á góðum stað. Hún er skráð 79,6 fermetrar, samkvæmt Þjóðskrá Íslands, þar af er íbúðin 72,6 fermetrar að stærð ásamt 7 fermetra geymslu.

Tvær íbúðir deila inngangi í bjartri sameign sem tekin var í gegn í lok árs 2020, með málningu og nýju teppi. Komid er inn í íbúðina í lítið hol og er þaðan innangengt í aðrar vistarverur. Eldhús og stofa eru í sameiginlegu, björtu og opnu rými. Eldhúsið er opið og rúmgott, endurnýjað með fallegri, hvítlakkaðri innréttingu og granitborðplötu árið 2018. Ofn er í vinnuhæð og gashelluborð í eldhússeyju með borðplötu úr steini.

Stofan er björt og við hlið eldhússins í opnu rými. Stórir, nýyfirfarnir og endurglerjaðir gluggar eru í rýminu sem snúa í suður og gera það bjart. Svefnher-



Baðherbergið er flísalagt í hól og gólf, með fallegri viðarinnréttingu,

bergin eru tvö; rúmgott hjónaherbergi og er fataherbergi inn af með skápum til beggja hliða og sjálfvirkri lýsingu. Barnaherbergi/skrifstofa er parketlagt og bjart.

Baðherbergið er flísalagt í hól og gólf. Þar er falleg viðarinnrétting með góðu skáplássi og handlaug. Sturta með sturtubotni og glerhurð. Upphengt salerni.

Sérgeymsla er í kjallara og sameiginlegt þvottahús með nýmáluðu gólfi. Kalt risloft er yfir íbúðinni með glugga. Pergo-hardparket er á allri íbúðinni nema

baðherbergi sem er flísalagt með 60x60 flísum frá Álfaborg. Sameiginlegur garður í suðurátt.


Að sögn seljenda hefur íbúðin verið mikið endurnýjuð hin síðustu ár, svo sem eldhús, baðherbergi, gluggar í stofu og eldhúsi, gólfefni, innihurðir, vatnslagnir, skolp og fleira.

Möguleiki er að stækka eignina með því að hækka þakið og bæta við kvistum, og eru fordæmi fyrir slíku en sækja þarf um viðeigandi leyfi.

Þetta er falleg og mikið endurnýjuð íbúð á góðum stað í miðbæ Reykjavíkur. Stutt er í grunnskóla, leikskóla og aðra þjónustu.

Vinsamlegast bókið einkaskoðun á fold@fold.is eða hjá fasteignasölu Foldar í síma 552 1400. Utan skrifstofutíma svarar Einar Marteinsson í síma 893 9132 og á einarm@fold.is, Hlynur í síma 624 8080 og á hlynur@fold.is, Viðar í síma 694 1401 og Gústaf í síma 895 7205. ■

Fold fasteignasala er í Sóltúni 20, 105 Reykjavík. Sjá Fold á Facebook og á fold.is.


heimili
fasteignasala
á traustum grunni

Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is





Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is



Runólfur
Gunnlaugsson
lögg. fast.



Ásmundur
Skeggjason
lögg. fast.



Brynjar
Baldursson
sölufulltrúi



Jóhann Friðgeir
Valdimarsson
lögg. fast.



Kristinn
Tómasson
lögg. fast.




Þórarinn
Friðriksson
lögg. fast.

Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum
gledilegs árs og farsældar á nýju ári.



Þökkum viðskiptin á árinu.



ráðum
ráðningarstofa

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.

Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.



**FASTEIGNA
MARKAÐURINN** ehf.
Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th.
Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Elín D. Guðmunds-
dóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Sigríður
Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is



Gisli Rafn
Guðfinnsson
Aðstoðarmaður
fasteignasala
gisli@fastmark.is



Hallveig
Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@
fastmark.is

Gleðilegt nýtt ár - Þökkum viðskiptin á liðnu ári

Garðabær

Íbúðir óskast í Garðabæ - Höfum fjölda kaupenda á skrá

Sérbylí óskast í Garðabæ - Höfum fjölda kaupenda á skrá

Strandvegur 12 – Garðabæ. 3ja herbergja íbúð á efstu hæð



- Eignin verður til sýnis í dag, þriðjudag frá kl. 17.00 – 17.30**
- Virkilega falleg 97,7 fermetra 3ja herbergja íbúð á 3. hæð, efstu hæð, í lyftuhúsi auk sér bílastæðis í bílageymslu undir húsinu.
 - Íbúðin er mjög björt með gólfísiðum gluggum í stofu og fallegu útsýni frá stofu, eldhúsi og af flísalögðum svölum yfir Garðahraunið.
 - Eldhús er opið við stofu með fallegum svörtum innréttingum. Eyja með graníti á borði.
 - Húsið er klætt með áli og því viðhaldslítið.

Verð 64,9 millj.

Naustavör 34 – Kópavogi. 3ja herbergja íbúð.



- Glæsileg og björt 112,3 fermetra 3ja herbergja íbúð að meðtöldri 8,4 fermetra geymslu á 1. hæð í lyftuhúsi á þessum eftirsóttasta stað við Naustavör í vesturbæ Kópavogs. Stæði í bílageymslu fylgir.
- Hvítlökkud/viðarinnrétting frá Brúnás og eyja er í eldhúsi. Vínýl parket er á gólfum nema á þvottaherbergi og baðherbergi sem eru flísalögð. Innfelld lýsing er í hluta af stofum og í eldhúsi.
- Svalir til vesturs eru út af eldhúsi. Rúmgóð stofa. Fataherbergi er inn af hjónaherbergi.

Verð 77,9 millj.

Sérhæð í 101

Sérhæð um 150 fermetrar að stærð óskast fyrir mjög fjársterkan kaupanda

Brákarbraut 11 og 11A – Borgarnesi



- Falleg eign sem samanstendur af 225,8 fm. heilli húseign á þremur hæðum auk 61,3 fermetra gestahúss. Eignirnar seljast eingöngu saman.
- Stærri húsið, Kaupangur sem er 225,8 fm. að stærð og er sögufrægt einbýlishús sem var byggt árið 1876 og stendur á 2634,0 fm. lóð. Minna húsið er Suðurklettur sem byggt var árið 1950 er 61,3 fermetra hús og stendur á 475,0 fermetra lóð.
- Einstaklega fallegur útsýnisstaður við Brákarbraut í Borgarnesi.
- Rekið var gistiheimili og kaffihús í eigninni áður, og auðvelt að setja upp aðstöðu fyrir rekstur.

Verð 87,5 millj.

Skeifan 6 – Til leigu



- Til leigu nýstandsett um 220 fermetra skrifstofuhúsnæði auk um 300 fermetra lagerhúsnæðis þar sem innangengt er á milli á jarðhæð hússins nr. 6 við Skeifuna í Reykjavík en í húsinu eru einnig verslunin EPAL og Everest.
- Góðir gluggar eru til suðurs og austurs á skrifstofuhúsnæðinu og góðar innkeyrsludyr og aðkoma bakatil fyrir lagerhúsnæðið.
- Inngangur að framanverðu er sameiginlegur um stigahús sem nýtt er af tveimur öðrum fyrirtækjum í húsinu en einnig er hægt að hafa séringang bakatil.

Skoðum og metum samdægurs - Sanngjörn sölubóknun

*Kjöreign fasteignasala
óskar viðskiptavinum
gleðilegrar hátíðar
með þökk fyrir viðskiptin
á árinu sem er að líða*

Árið hefur verið óvenjulegt en viðburðaríkt.
Sjáumst á nýju fasteignarári!



Rakel Salóme Eydal
Löggiltur fasteignasali og
löggiltur leigumiðlari
rakil@kjoreign.is
533-4040

Ásta María Benónýsdóttir
Löggiltur fasteignasali
asta@kjoreign.is
897-8061

Davíð Karl Wíium
Lögfræðingur og
löggiltur fasteignasali
david@kjoreign.is
8473147

Dan Valgarð S. Wíium
Hdl, löggiltur fasteignasali.
dan@kjoreign.is
896-4013



Ármúla 21, 108 Reykjavík - Reykjavík – Sími 533 4040
kjoreign@kjoreign.is - www.kjoreign.is/

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

FOLD
FASTEIGNASALA

Sóltún 20 • Sími: 552 1400
www.fold.is • fold@fold.is



Viðar Böðvarsson
viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401

Gústaf Adolf Björnsson
iþróttfræðingur og lögg. fast.
gustaf@fold.is / 895-7205

Anna Ólafía Guðnadóttir
islenskufræðingur

Rakel Viðarsdóttir
lögg. fast.
rakel@fold.is / 699-0044

Einar Marteinnsson
lögg. fast.
einarm@fold.is / 893-9132

Hlynur Ragnarsson
löggildingarnemi
hlynur@fold.is / 624-8080

**Flókagata 4, 105 Rvk.,
250 FM PARHÚS / 3 ÍBÚÐIR.**



Fold fasteignasala 552-1400 kynnir: Flókagata 4, 105 Rvk., 250 fm parhús á þremur hæðum sem er í dag á tveimur fastanúmerum með þremur íbúðum. Eign sem býður uppá mikla möguleika. Sameiginlegur inngangur fyrir 1. og 2. hæð en séringangur í kjallara. Nánari upplýsingar á skrifstofu. Óskað er eftir tilboði. **Bókið skoðun á fold@fold.is eða hjá fasteignasölum Foldar.**

**Bergþórugata 16, 101 Rvk,
3JA HERBERGJA.**



Vel skipulögð og mikið endurnýjuð 3ja herbergja íbúð á 2. hæð á þessum vinsæla stað í miðbænum. Íbúðin er með 2 svefnherbergjum og skiptist í hol, nýlegt eldhús, stofu, 2 svefnherbergi og nýlegt baðherbergi. Frábær staðsetning og stutt í verslun og þjónustu. **Verð 57,9 millj. Velkomið að panta tíma fyrir skoðun. Nánari upplýsingar: hlynur@fold.is / 624-8080.**

**Skjólbraut 3A, 200 Kóp.,
3JA HERBERGJA NEÐRI HÆÐ Í 2-BÝLI.**



Skjólbraut 3A, Kópavogi. Falleg 85 fm neðri hæð í 2-býli á einstaklega rólegum stað í Kópavogi. Íbúðin skiptist í stofu, tvö svefnherbergi og eldhús. Gengt frá stofu á sólrika verönd. Sameiginlegt þvottahús á hæð. Stór sameiginleg lóð. **Verð tilboð. Nánari upplýsingar, hlynur@fold.is / 624-8080.**

**Sætún á Kjalarnesi,
REYKJAVÍK.**



Tvær eignalóðir með atvinnuhúsnæði og byggingarrétti á Kjalarnesi. Á annari lóðinni er 630 FM endurnýjað atvinnuhúsnæði með innkeyrsludryum auk 850 FM byggingarréttis. Á hinni lóðinni er 2319 FM byggingarréttur fyrir atvinnuhúsnæði, teikningar og hugmyndir liggja fyrir, en kaupandi getur mótað svæðið að sýnum hugmyndum. Miklir framtíðarmöguleikar á svæðinu með tilkomu Sundabrautar.

Allar nánari upplýsingar veittar á Fold fasteignasölu, fold@fold.is.

**Til leigu í Austurbæ Rvk.,
3JA HERBERGJA FYRIR 60 ÁRA OG ELDRI.**



Til leigu: Glæsileg og ný 3ja herbergja íbúð á 1. hæð/jarðhæð í lyftuhúsi í Austurbæ Reykjavíkur. Skilyrði er að íbúar hafi náð 60 ára aldri. Íbúðin er skráð rúmir 104 fm. og geymsla tæpir 10 fm, samtals 114 fm. Leiguverð 240 þús á mánuði + rafmagn. Ísskápur og uppþvottavél í eldhúsi fylgja. Tvö svefnherbergi. Yfirbyggðar svalir. **Þetta er glæsileg eign sem leigist einungis fólki sem er 60 ára eða eldri.**

Nánari upplýsingar á skrifstofu: 552-1400 / fold@fold.is

Óskum eftir

- íbúðum í öllum hverfum
Reykjavíkur til kaups eða leigu
fyrir opinberan aðila

- traustar greiðslur

- langur leigutími

- nánari upplýsingar á skrifstofu

Gleðilegt nýtt ár

Þú finnur okkur á fold.is

BÚSETURÉTTIR TIL SÖLU

Reykjavík: Fossvogur, Grafarholt og Miðbær



ÞVERHOLT 17 · 105 RVK.



47,6
ferm.

1
herb.

306
íbúð nr.

Búseturéttur: 6.701.351 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 153.522 kr.
Mögulegt lán: 3.350.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Mars/apríl.

SKÓGARVEGUR 16 · 103 RVK.



64,4
ferm.

2ja
herb.

306
íbúð nr.

Búseturéttur: 8.897.859 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 197.437 kr.
Mögulegt lán: 4.448.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

ÞVERHOLT 17 · 105 RVK.



69,7
ferm.

2ja
herb.

407
íbúð nr.

Búseturéttur: 8.954.392 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 195.513 kr.
Mögulegt lán: 4.477.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: 15. mars.

ÍSLEIFSGATA 2 · 113 RVK.



145,8
ferm.

5
herb.

101
íbúð nr.

Búseturéttur: 14.243.567 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 283.240 kr.
Mögulegt lán: 7.121.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: 1. júlí.

ÁVINNINGUR

- Örugg búseta
- Minni fjárbinding
- Réttur til vaxtabóta
- Lægri kaup- og sölukostnaður
- Búseti sér um ytra viðhald

INNIFALIÐ Í BÚSETUGJALDI

Fjármagnskostnaður,
skyldutryggingar, hiti,
fasteignagjöld, hússjóður,
þjónustugjald og framlag
í viðhaldssjóð.

ÁÐUR AUGLÝSTAR ÍBÚÐIR

Fyrsta umsækjenda gefst kostur
á að ganga frá kaupum óháð
félagsnúmeri. Ef ekki berst
hámarkstilboð hefur seljandi
rétt til að gera gagntilboð eða
hafna tilboðinu.

NÝTT Í SÖLU

Umsóknarfrestur: Til 12. janúar kl. 16.
Rafræn úthlutun: 13. janúar kl. 12.
Umsækjendum er ráðað í röð þar sem
hæstbjóðandi er efstur. Þegar um sömu
tilboðsfjárhæð er að ræða er farið eftir
félagsnúmeri.

BÚSETI ER STOLTUR
AÐILI AÐ:



HAFÐU SAMBAND

WWW.BUSETI.IS
buseti@buseti.is
Sími: 556 1000

Birt með fyrirvara um villur og breytingar

vinnvinn

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF



Útsalan er hafin

30-50% afsláttur

BITTE KAI RAND

1 9 8 1



hjá
Hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is





GLÆNÝR NISSAN LEAF TEKNA - ÖTRÚLEGT VERÐ - 4.177Þ!!!
NISSAN LEAF TEKNA 40kwh. Glænýr!!! 100% rafmagn, Sjálfskiptur. TEKNA útfærsla með leðri, bakkmyndavél, propilot, leiðsögukerfi o.fl. o.fl. Drægni 270km. Bill í ábyrgð. Möguleiki á allt að 100% láni. VERÐ AÐEINS kr.4.177.000- Rnr.120626 Til afhendingar strax hjá Aðalkaup bílasölu - Skeifunni 3c.



GLÆNÝR NISSAN LEAF TEKNA - ÖTRÚLEGT VERÐ - 4.177Þ!!!
NISSAN LEAF TEKNA 40kwh. Glænýr!!! 100% rafmagn, Sjálfskiptur. TEKNA útfærsla með leðri, bakkmyndavél, propilot, leiðsögukerfi o.fl. o.fl. Drægni 270km. Bill í ábyrgð. Möguleiki á allt að 100% láni. VERÐ AÐEINS kr.4.177.000- Rnr.120628 Til afhendingar strax hjá Aðalkaup bílasölu - Skeifunni 3c.



GLÆNÝR NISSAN LEAF TEKNA - ÖTRÚLEGT VERÐ - 4.177Þ!!!
NISSAN LEAF TEKNA 40kwh. Glænýr!!! 100% rafmagn, Sjálfskiptur. TEKNA útfærsla með leðri, bakkmyndavél, propilot, leiðsögukerfi o.fl. o.fl. Drægni 270km. Bill í ábyrgð. Möguleiki á allt að 100% láni. VERÐ AÐEINS kr.4.177.000- Rn 110168 Til afhendingar strax hjá Aðalkaup bílasölu - Skeifunni 3c.

Aðalkaup - Bílasala
Skeifan 3C, 108 Reykjavík
Sími: 888 3715
adalkaup@adalkaup.is
http://adalkaup.is

Þjónusta

Málara

REGNBOGALITIR EHF
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málameistari. Löggiltir málara. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.
Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.
Tímavinna eða tilboð.
Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspa. Tarot. Ársspa. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsimar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

Gefins

Notað Sony útlarp fæst gefins. 3 x 5 tommu hátali. Get afhent tækið ef viðkomandi er á höfuðborgarsvæðinu. Tala ensku. Uppl. síma: 554-6286. Tómas.

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING
á Hringbraut

Til sölu

Steinhella 17
lager – geymsluhúsnæði

330 fm lager- og geymsluhúsnæði til langtímaleigu. Mikil lofthæð, laust nú þegar.

Uppl. í s. 893 9777 og 862 4685

Heilsa

Heilsuvörur



HEILBRIGT LOFT
HEILBRIGÐ HEIMILI
LOFTRÆSTIKERFI MEÐ
VARMAENDUVINNSLU

- BETRI LOFTGÆÐI
- RÉTT RAKASTIG
- MINNA RYK
- FÆRRI ÖRVERUR
- MINNA ORKUTAP



LOFTRÆSTIKERFI FYRIR HEIMILI



ER ÞÍN ÍBÚÐ EKKI ÖRUGGLEGA MEÐ GÓÐU LOFTRÆSTIKERFI?



Madshus gönguskíðin þín fást í GG Sport!

20%
afsláttur af
gönguskíða-
pökkum!

GG  **SPORT**

Stingum af ...

Fæst einnig í:

**Ellingsen
Granda**

**Ísfell verslun
Húsavík**

**Útisport
Akureyri**



@ggsport.is



@gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18 Laugardagar 11-15

Sigur uppgjafarinnar



Alexandra Briem
forseti borgar-
stjórnar Reykja-
vikur

Það er óneitanlegt að í síðustu þing-
kosningum var óumdeilanlegur
sigurvegari. Sá sigurvegari var slag-
orð Framsóknarflokksins. „Er ekki
bara best að kjósa Framsókn.“

Það er ekki bara slæmt, það er
skelfilegt.

Ekki af því Framsókn sé endilega
versti flokkurinn sem hefði verið
hægt að kjósa, heldur út af því að
þeirra kosningabarátta, og þetta
slagorð, ná mjög vel utan um það
sem er að í pólitík í dag.

Þetta slagorð höfðar til þess að
nenna ekki að þæla í þessu, hafa
ekki skoðun, rugga ekki bátnum.
Það beinlínis höfðar til þess sem
pólitík ætti aldrei að höfða til, sem
er sinnuleysi.

Framsókn ber ekki ein ábyrgð á
því. Hinir flokkarnir stóðu sig ekki
nógu vel í að skilgreina sig og bjóða
upp á skýra framtíðarsýn. Fjöl-
miðlar virtust engan áhuga hafa
á málefnum, en settu sviðsljósið
þeim mun meira á persónur, á að
láta frambjóðendur spila í þrautum
og tala um allt annað en stefnu-
málin. Þegar sérfræðingar fóru
yfir stöðu mála var miklu frekar
rætt hvernig staðan í nýjustu skoð-
anakönnun væri, og farið yfir það
með almannatenglum hver væri
með flottustu kosningabaráttuna,
bestu skiltin, bestu slagorðin. Það
var mjög sjaldgæft að farið væri
í málefnalega greiningu á flokk-
unum. Væntanlega af því að fjöl-
miðlarnir vildu engan styggja, og
fannst þægilegra að vera bara á
yfirborðinu, og væntanlega líka af
því þeir mátu sem svo að almenn-
ingur nennti ekki að setja sig inn í
dýpri yfirferð.

Og kannski er það rétt metið.
Ef svo er, þá berum við öll saman
ábyrgð á því, ef samfélagið okkar
nennir ekki lengur að hugsa sig vel
um, kynna sér málin og velja sér
áherslur fyrir framtíðina.

En Framsókn ber þó ein ábyrgð á
því að hafa séð að það væri tækifæri
í sinnuleysinu og notfæra sér það
markvisst. Með því að vera bara
með í því að þykja pólitík ómerki-
leg og leiðinleg, og með því að lofa
að vera ekki með neitt vesen, biðja
fólk ekki um of mikla athygli og

”
Hvernig bætum við
úr þessu? Sennilega er
hluti vandans hversu
margir flokkar eru í
framboði.

fara ekki í neinar aðgerðir sem
væru umdeildar.

Pólitík snýst fyrir mér um fram-
tíðarsýn, að hafa einhverja hugsjón
um það hvernig heimurinn ætti að
vera. Slagorð eins og Framsóknar er
alls ekki þar. Það er til marks um
grimulausa hentistefnu og tæki-
færismennsku. Valdasækni bara
valdanna vegna.

Ég verð að viðurkenna að ég á
erfitt með það. Ég ber virðingu
fyrir því þegar fólk tekur upplýsta
ákvörðun, velur út frá hugsjón,
jafnvel þótt hún sé allt önnur en
mín. En það er hrikalegt ef vin-
sælasta hugsjónin í pólitík er hug-
sjónaleysi.

Hvernig bætum við úr þessu?
Sennilega er hluti vandans hversu
margir flokkar eru í framboði.
Það voru 10 flokkar í síðustu þing-
kosningum, 18 í síðustu borgar-
stjórnarkosningum. Það er mjög
erfitt að setja sig inn í slíka flóru.
Og það er ógrynni skilaboða allan
daginn sem vilja athygli okkar. Það
er alveg skiljanlegt að fólk hafi ekki
þolinmæði í þetta.

En kannski þurfum við að byrja
á að taka ákvörðun um það að
kosningar séu þrátt fyrir allt mikil-
vægar, að það skipti máli hver fari
með vald og hvert við stefnum með
okkar samfélag.

Ef við ákveðum að kosningar séu
eitthvað sem við viljum taka alvar-
lega og laga, að við viljum fá upp-
lýsingar um það sem er í boði, ekki
bara hver sé með flottustu kosn-
ingabaráttuna, flottasta slagorðið
eða flottustu samlokuna, þá er það
held ég fyrsta skrefið. ■

Vandmeðfarin bólusetning barna



Diljá Mist
Einarsdóttir
þingmaður Sjálf-
stæðisflokksins

Tilkynnt hefur verið að í næstu viku
hefjist hér á landi bólusetning 5 til
11 ára barna gegn Covid-19. Fram-
kvæmdin er í höndum Heilsugæsl-
unnar. Sóttvarnayfirvöld á Íslandi
hafa mælt með að öll íslensk börn á
þessum aldri séu bólusett, en víðast
annars staðar hefur verið ákveðið
að fara hægar í sakirnar, og byrja
á börnum sem talin eru vera í sér-
stökum áhættuhópi.

Þótt einungis fáir dagar séu þar
til verkefnið eigi að hefjast er margt
á huldu varðandi framkvæmdina.
Þannig komst vinnuhópur um
framkvæmdina að þeirri niður-
stöðu að vænlegast væri að hafa
bólusetningarnar í skólunum.
Heilsugæslan hefur þó óskað eftir
því að skólastarf verði fellt niður
á bólusetningardögum. Ekki var
haft samráð við skólasamfélagið í
áætlanagerð Heilsugæslunnar og nú
hafa bæði umboðsmaður barna og
skjólástjórnenndur lýst yfir andstöðu
við hugmyndir um bólusetningu í
skólum.

Rök þeirra sem gleggst þekkja
til þarfa og hagsmuna barna eru af
ýmsum toga. Meðal annars er horft
til þess að nú þegar hefur borið á
félagslegum vandræðum í hópi
eldri barna vegna umræðna um
bólusetningu í þeirra hópi. Bólu-
setning í grunnskólum mun aldrei
geta tryggt persónuvernd og frið-
helgi einkalífs ungra barna. Það er
umhugsunarvert að þeir sem bera
ábyrgð á ákvörðun um bólusetn-
ingu og skipulagi hennar hafi ekki
lagt áherslu á að leita betra sam-
ráðs við þá sem hafa bestu innsýn
í aðstæður barna.

Á opnum fundi í velferðarnefnd
Alþingis um bólusetningu 5 til 11
ára barna gegn Covid-19 sátu full-
trúi landlæknis og Heilsugæslunnar
fyrir svörum nefndarmanna. Þar
var til umræðu faglegur grund-
völlur þess að hér á landi er mælt
með bólusetningu alls þess aldurs-
hóps. Á fundinum kom fram að
samskonar rannsóknir hefðu verið
gerðar á börnum og gerðar hefðu
verið á fullorðnum varðandi bólu-
setningu. Samkvæmt orðum full-
trúa landlæknis höfðu verið gerðar

”
Í öllu tali um sam-
félagslega ábyrgð á því
að vernda þá sem eru
viðkvæmir má ekki
gleymast að börn eru
sannarlega viðkvæmur
hópur.

rannsóknir á um 2.600 börnum
áður en skilyrt markaðsleyfi var
gefið út af Lyfjastofnun Evrópu.
Þetta er ekki ýkja mikill fjöldi, né
heldur getur talist vera liðinn langur
tími til að meta að fullu hvernig mat
á áhættu og ávinningi lítur út vegna
bólusetningar barna á þessum aldri.

Blessunarlega er þó orðið nokkuð
ljóst að áhættan sem börnum stafar
af veirunni er almennt fremur lítil.
Í það minnsta ekki meiri en af
ýmsum öðrum sykingum. Það er því
mjög eðlilegt að margir vilji flýta sér
hægt þegar kemur að bólusetningu
ungra barna. Visbendingar um
aukaverkanir bólusetningar benda
til þess að sú áhætta sé ákaflega lítil
en reynslan er ennþá skammvinn.

Það er ljóst að framkvæmd bólu-
setningar ungra barna gegn Covid-
19 er vandmeðfarin og í mörg horn
að líta. Framlag barna hefur þegar
verið mikið í þessum langa faraldri.
Við ættum ekki að hlaupa til, en
hafa í huga að þegar ákvarðanir eru
teknar sem varða málefni barna ber,
lögum samkvæmt, alltaf að hafa í
forgangi það sem er barninu fyrir
bestu. Í öllu tali um samfélagslega
ábyrgð á því að vernda þá sem eru
viðkvæmir má ekki gleymast að
börn eru sannarlega viðkvæmur
hópur. ■

Ár samheldni og samstöðu



Jódís Skúladóttir
þingmaður Vinstri
grænna

Árið 2021 er á enda og hvílíkt ár!
Við höfum árið í skugga hamfara og
heimfaraldurs. Austfirðingar sýndu
í verki hversu dýrmætt austfirskt
samfélag er og hversu samheldin
við getum verið þegar erfiðleikar
steiða að. Verkefnin í fjórðungnum
eru mörg og ærin og mikilvægt að
gefa ekkert eftir í því að fylgja þeim
eftir og sækja fram.

Sveitarfélögin á Austurlandi eru
fjölbreytt, ólík innbyrðis en öll
mikilvæg, hvert á sinn hátt. Óflugt
atvinnulíf, samgöngur, mennta-
mál og menning eru verkefni sem
öll samfélög þurfa á að halda til að
geta vaxið og dafnað. Því miður er
það nú samt þannig að sú þjónusta
sem ætluð er öllum Íslendingum
er í langflestum tilfellum stað-
sett í höfuðborginni. Landspítali,
Háskóli Íslands, Þjóðarbókhlaða,
Alþingi, Hæstiréttur, Þjóðleikhús,
Harpa svo og höfuðstöðvar flestra
stofnana ríkisins. Það er í sjálfu sér
eðlilegt, en breytir ekki þeirri stað-
reynd að stór hluti þjóðarinnar

hefur takmarkað aðgengi að þessari
mikilvægu þjónustu sem á að vera
aðgengileg okkur öllum.

Sú staðreynd undirstrikar mikil-
vægi þess að tryggja að rödd lands-
byggðarinnar fái að heyrast við
ákvarðanatöku, að Austurland
eigi sér málsvara við borðið svo að
okkar mikilvægu forgangsmálum sé
fylgt eftir af festu.

Nú rétt fyrir áramót lauk vinnu
við fjárlög næsta árs og verkefni
okkar landsbyggðarþingmanna er
ekki síst að standa vörð um þau fjöl-
breyttu verkefni og áskoranir sem
biða í kjördæminu. Því ber að fagna
að framlög til Skaftfells, Sköpunar-
miðstöðvar og Tæknimínjasafnsins
voru tryggð í þeirri vinnu. Náttúru-
stofum var tryggt fé til áframhald-
andi starfsemi. Þegar horft er til
menntamála er ljóst að Austurland
hefur setið eftir og því gríðarlega
mikilvægt að gefa ekkert eftir í þeim
efnum. Mörg mikilvæg verkefni eru
í farvatninu varðandi háskólanám
og má þar nefna spennandi sam-
starf við University of Highlands
and Islands í Skotlandi. Austurbrú
er sú stofnun sem hefur haldið
utan um háskólamenntun í fjórð-
ungnum. Það skýtur skökku við að
stofnunin þurfi á hverju ári að leita
á náðir fjárlaganefndar til að fjár-
magna öll sín mikilvægu verkefni.
Verkefni sem skipta atvinnulífið á
svæðinu miklu máli, því með aukn-

”
Sveitarfélögin á Austur-
landi eru fjölbreytt,
ólík innbyrðis en öll
mikilvæg, hvert á sinn
hátt.

um umsvifum og tæknibreytingum
í atvinnulífinu, þarf menntunarstig
íbúa að þróast í takt við það. Þetta
þarf að endurskoða.

Kæru Austfirðingar, mig langar
að nota þetta tækifæri til þess að
þakka þann ómetanlega stuðning
sem ég hef fengið og það traust sem
þið hafið sýnt mér til að starfa fyrir
ykkur, fyrst í sveitarstjórn Múla-
þings og nú sem þingmaður Norð-
austurkjördæmis. Nú styttist í enn
aðrar kosningar, sveitarstjórnar-
kosningar 14. maí og þar vona ég
innilega að hugsjónir VG fái áfram
brautargengi hér á Austurlandi.
Félagslegt réttlæti, náttúruvernd
og loftslagsmál, kvenfrelsi og friðar-
stefna er grunnurinn að góðu sam-
félagi. Ég hlakka til að vinna fyrir
ykkur áfram með þær hugsjónir að
leiðarljósi á komandi árum.

Gleðilegt ár kæru Austfirðingar
og megi árið 2022 verða okkur
öllum til gæfu og gleði. ■

Höfum flutt læknastofur okkar úr Domus Medica í turninn Glæsibæ 7. hæð, Álfheimum 74.

- Ottó Guðjónsson, lýtalæknir
- Guðmundur Már Stefánsson, lýtalæknir
- Guðmundur Daníelsson, æðaskurðlæknir
- Karl Logason, æðaskurðlæknir



Tímapantanir
í síma 515 1600.



Audley 28.990 kr.



Copenhagen Shoes Embrace Plain
17.990kr



Ten Points Alina 26.990 kr.



Ten Points Jessie 28.990 kr.

apríl SKÓR

Fjölbreytt úrval af fallegum skóm
frá vönduðum merkjum



Ten Points Pandora
34.990 kr.



Ten Points Cecilia 31.990 kr.



Ten Points Pandora
28.990 kr.



Ten Points Pandora 28.990 kr.

apríl SKÓR

Ný bók Háskólaútgáfunnar segir frá fólki sem varð utanveltu í íslensku samfélagi í gegnum aldirnar.

arnartomas@frettabladid.is

Þættir af sérkennilegu fólki er ný bók frá Háskólaútgáfunni sem kom út skömmu fyrir jól. Bókin er sú 28. í rit-röðinni Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar sem stofnuð var árið 1997 þar sem persónulegar heimildir á borð við dagbækur, bréfasöfn og aðrar tegundir sjálfsbókmennta eru í brenni-depli.

„Mest af efninu kemur frá fólki sem er kannski ekki mjög þekkt, enda er áherslan á alþýðumenninguna,“ segir Sigurður Gylfi Magnússon, einn af sex höfundum og annar ritstjóri bókarinnar. „Frá árinu 2012 höfum við verið að einbeita okkur að fátækt og hvernig hún hefur birst okkur í gegnum aldirnar.“

Í Þáttum af sérkennilegu fólki er fjallað um fólk sem var á jaðri samfélagsins frá ýmsum hliðum. Þar má meðal annars finna ítarlegar skrár sem unnar eru upp úr Alþingisbókum og annálum þar sem eru frásagnir af fólki sem batt bagga sína öðrum hnútum en samtímamennirnir – oft mjög slándi mannlýsingar af þeim sem höfðu komist í kast við yfirvöldin af einhverjum ástæðum.

Sigurður Gylfi segir að 19. öldin sé merkileg fyrir það hve margir alþýðumenn skráðu hugsanir sínar og hugmyndir í dagbækur og sendu sendibréf sem veittu mikla innsýn í líf þessa fólks.

Fólkið á jaðri samfélagsins



Höfundar bókarinnar, frá vinstri: Anna Heiða Baldursdóttir, Marín Árnadóttir, Sigurður Gylfi Magnússon, Atli Þór Kristinnsson, Sólveig Ólafsdóttir og Daniel G. Danielsson.



Í bókinni má finna listaverk eftir nemendur úr Myndlistaskólanum í Reykjavík sem teiknuðu myndir eftir mannlýsingum úr Alþingisbók.

sent þjóðarinnar væru utanveltu. „Ein elsta stofnun landsins eru hrepparnir og þeirra hlutverk var einmitt að útdeila styrkjum til fátækra.“

Sigurður Gylfi segir að bókin hafi vakið talsverða athygli áhugasamra lesenda enda talar efni hennar inn í samtímann. „Það eru stöðugar fréttir af því að gistiskýlin séu full af fólki sem er einhvern veginn utangátta. Vissulega búum við í breyttu samfélagi frá því sem áður var en eitt er víst að fátæktin er ennþá til staðar og hefur alltaf, því miður, verið hluti af samfélaginu,“ segir hann.

